

REGLUGERÐ

um eftirlit með sáðvöru.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Gildissvið.

Í reglugerð þessari er kveðið á um skilyrði fyrir framleiðslu, innflutningi og sölu sáðvöru af þeim tegundum sem eru taldar upp í 1. viðauka með reglugerð þessari og notuð eru sem sáðvara.

2. gr.

Skilgreiningar.

Merking orða er í reglugerð þessari sem hér segir:

Sáðvara: Allt nytjajurtafræ sem er ætlað til garðræktar, túnræktar, grasflatagerðar, græn-fóðurræktar, kornræktar, landgræðslu, iðnaðar eða til frekari fræræktar og er undir opinberu gæðaeftirliti.

Sáðkorn: Sáðvara eftirtalinna korntegunda: Hafrar (*Avena sativa*), bygg (*Hordeum vulgare*), rúgur (*Secale cereale*), hveiti (*Triticum aestivum*), rúghveiti (*X Triticosecale*).

Stofn: Viðurkenndur hópur plantna innan plöntutegundar sem er mælanlega frábrugðinn öðrum hópum sömu tegundar og sem heldur sérkennum sínum við fjölgun með fræjum. Skrá yfir viðurkennda stofna á alþjóðamarkaði er gefin út af OECD.

Framleiðslueining: Tiltekið magn sáðvöru af sama stofni og sem er áþekkt hvað uppruna og gæði varðar. Framleiðslueiningarnar eru gæðaprófaðar sem ein heild: hvað varðar smágerðar frætegundir (þar sem fræin eru minni en hveitifræ) eins og flest grasfræ o.fl., má þyngdin ekki fara meira en 5% yfir 10 tonn og hvað varðar stórgerðar frætegundir (þar sem fræin eru jafnstór eða stærri en hveitifræ), eins og bygg, hafrar, rúgur, ertur, flækjur, baunir o. fl., má þyngdin ekki fara meira en 5% yfir 25 tonn. Allar framleiðslueiningar skulu merktar með eigin númeri.

Rekstrareining: Með rekstrareiningu er átt við allt land sem nýtt er til ræktunar sáðvöru. Rekstrareining getur náð yfir fleiri en eitt jarðar- og notkunarnúmer og leiguland.

Ræktunarjörð fyrir grundvallarfræ (í sáðkorni eingöngu): Með ræktunarjörð fyrir grundvallarfræ er átt við jarðir sem eru sérstaklega viðurkenndar af aðfangaeftirlitinu til að rækta grundvallarfræ í sáðkorni.

Plöntuskoðun: Opinbert eftirlit með ræktunarsvæðum meðan á vaxtartímabilum stendur.

Samanburðarræktun: Ræktun á stofnum á vegum aðfangaeftirlitsins til að kanna, á vaxtar-tímanum, hreinleika og einsleitni stofna og smitsjúkdóma sem berast með fræjum.

Leiguhreinsun: Þurrkun, hreinsun, bæsun eða önnur meðhöndlun sáðkorns í atvinnuskyni.

Eftirlit rannsóknastofu: Gæðaprófanir með framleiðslueiningum fullhreinsaðra sáðvara sem fram fer á vegum aðfangaeftirlitsins.

Framleiðsla: Ræktun, hreinsun, þökkun, merking o.s.frv.

Sala: Sala í verslun, á markaði, uppboði eða sölutilboð í fjölmiðlum, gegnum áskrift, verðlista eða á annan viðurkenndan hátt.

Sölutímabil: Tímabilið frá 1. október til 30. september ári eftir ræktun.

Flokkur: Sádvara sem er flokkuð eftir skilgreindum kröfum með tilliti til fjölgunar og gæða. Í þessari reglugerð er sáðvörum skipt í flokka F, P, B og C, auk D í sáðkorni, St í garðyrkjufrae og L fyrir landgræðslufrae. Í undantekningartilvikum og í tengslum við innflutning má einnig nota EB-flokkinn, „sölufrae“. Sádvara sem er viðurkennd samkvæmt einhverjum þessara flokka telst flokkað.

Ættliður: Ræktunarár sáðvöru í viðkomandi flokki. Ættliðarmerkingin er táknuð í þessari reglugerð með tölu (fjölda ræktunarára) aftan við flokksmerkinguna.

Kynbótafrae (flokkur F): Sádvara sem stofneigandi eða umboðsmaður hans notar til viðhalds á stofni eða til ræktunar á grundvallarfrae eða stofnfræi.

Grundvallarfrae (flokkur P): Sádvara sem er notuð til framleiðslu á stofnfræi og er á ábyrgð stofneiganda og uppfyllir kröfur sem gerðar eru til grundvallarfræs.

Stofnfræ (flokkur B): Sádvara sem notuð er til frekari fræframleiðslu og er undir opinberu eftirliti. Stofnfræ er ræktað frá grundvallarfrae sem stofneigandi eða umboðsmaður hans leggur til, eða frá kynbótafrae sem fullnægir kröfunum sem eru gerðar til grundvallarfræs og er ræktað með samþykki stofneiganda. Stofnfræ verður að uppfylla gæðakröfur sem eru gerðar til flokksins stofnfræ.

Vottað frae - (flokkur C): Sádvara sem:

- sáð er til með grundvallarfrae ef stofneigandi krefst þess eða er ræktað frá stofnfræi eða vottuðu frae af fyrsta ættlið (C1) og uppfyllir gæðakröfurnar sem eru gerðar til flokksins vottað frae;
- ætlað er til sölu sem sádvara til almennra neytenda eða til framleiðslu á vottuðu frae af öðrum ættlið (C2), stöðluðu garðyrkjufrae (St) eða sáðkorni í flokki D.

Vottað sáðkorn - 1. ættliður af byggi, höfrum og hveiti (flokkur C1): Sáðkorn sem sáð er til með stofnfræi eða með grundvallarfrae og uppfyllir gæðakröfurnar sem eru gerðar til flokksins vottað sáðkorn - 1. ættliður.

Vottað sáðkorn - 2. ættliður af byggi, höfrum og hveiti (flokkur C2): Sáðkorn sem sáð er til með vottuðu sáðkorni af 1. ættlið, með stofnfræi eða grundvallarfrae og uppfyllir gæðakröfurnar sem eru gerðar til flokksins vottað sáðkorn - 2. ættliður.

Vottað sáðkorn af 2. ættlið er ekki hægt að nota til frekari ræktunar á sáðkorni sem sætir opinberu eftirliti.

Vottað sáðkorn af rúgi (C): Sáðkorn sem sáð er til með stofnfræi eða grundvallarfrae og uppfyllir gæðakröfurnar sem eru gerðar til flokksins vottað sáðkorn. Vottað sáðkorn af rúgi er ekki hægt að nota til frekari ræktunar á sáðkorni sem sætir opinberu eftirliti.

Sáðkorn af byggi, höfrum og hveiti (flokkur D): Sáðkorn sem sáð er til með vottuðu sáðkorni af 1. ættlið, með stofnfræi eða grundvallarfrae og uppfyllir gæðakröfurnar sem eru gerðar til flokks D. Sáðkorn af flokki D er ekki hægt að nota til frekari ræktunar á sáðkorni sem sætir opinberu eftirliti.

Sáðkorn af rúgi (flokkur D): Sáðkorn sem sáð er til með stofnfræi eða grundvallarfrae og uppfyllir gæðakröfurnar sem eru gerðar til flokks D. Sáðkorn af flokki D er ekki hægt að nota til frekari ræktunar á sáðkorni sem sætir opinberu eftirliti.

Staðlað frae (flokkur St): Garðyrkjufrae sem er einkum ræktað með plöntuframleiðslu í huga. Staðlað frae verður að uppfylla gæðakröfur sem eru gerðar til flokksins staðlað frae.

Landgræðslufrae (flokkur L): Frae sem er safnað eða ræktað á Íslandi og er ætlað til landgræðslu. Landgræðslufrae verður að uppfylla gæðakröfur sem eru gerðar til flokksins landgræðslufrae.

Sérpakkningar (gildir ekki um garðyrkjufrae eða sáðkorn):

a. A-pakkning:

Pakkning með fræblöndum sem ekki eru ætlaðar til landbúnaðarnota, til dæmis sáðvara í grasflatir, að nettóþyngd í mesta lagi 2 kg.

b. B-pakkning:

Pakkning með vottuðu fræi af hreinum tegundum eða fræblöndum, að nettóþyngd í mesta lagi 10 kg.

c. C-pakkning:

Pakkning með stofnfræi eða grundvallarfræi að nettóþyngd í mesta lagi 50 kg.

d. D-pakkning:

Pakkning með vottuðu fræi af hreinum tegundum eða fræblöndum, að nettóþyngd í mesta lagi 25 kg.

Þyngdarmörkin sem eru gefin upp gilda um hreint fræ. Þyngd kornaðra varnarefna, húðunarefna eða annarra fastra aukefna er ekki reiknuð með.

Smápakkningar (gildir eingöngu um garðyrkjufrae):

Pakkningar með vottuðu garðyrkjufrae eða stöðluðu garðyrkjufrae sem mega ekki hafa meiri nettóþyngd en hér greinir:

Tegundir	Hámarksþyngd nettó
Ertur, baunir, flækjur og tegundir með samsvarandi fræstærð	5 kg
Laukar, blaðlaukar, rófur, kál, spánskur pipar (paprika), síkoría, vatnsmelónur, agúrkur, gulrætur, salat, tómatar, hreðkur, spínat og tegundir með tilsvarende fræstærð	500 g
Aðrar tegundir	100 g

Þyngdarmörkin sem eru gefin upp gilda um hreint fræ. Þyngd kornaðra varnarefna, húðunarefna eða annarra fastra aukefna er ekki reiknuð með.

Skammtapakningar (gildir eingöngu um garðyrkjufrae):

Pakkningar með flokkuðu garðyrkjufrae sem mega ekki hafa meiri nettóþyngd en hér greinir:

Tegundir	Hámarksþyngd nettó
Stórgert fræ eins og ertur, baunir, flækjur o.fl.	100 g
Aðrar tegundir	30 g

Þyngdarmörkin sem eru gefin upp gilda um hreint fræ. Þyngd kornaðra varnarefna, húðunarefna eða annarra fastra aukefna er ekki reiknuð með. Óheimilt er að selja bæsaðar sáðvörur í skammtapakningum.

3. gr.

Sáðvörulisti.

Sáðvöru má einungis rækta undir opinberu eftirliti og viðurkenna til sölu á Íslandi ef hún er af stofni sem er tilgreindur á sáðvörulista. Þó er hægt að viðurkenna garðyrkjufra sem er ætlað til útflutnings til lands á EES-svæðinu, enda sé leyfilegt að nota umræddan stofn í innflutningslandinu.

4. gr.

Sáðvöruverslanir.

Einungis sáðvöruverslunum sem aðfangaeftirlitið viðurkennir skv. 7. viðauka er heimilt að flytja inn, flytja út, kaupa, hreinsa, blanda, pakka og selja sáðvöru. Ákvæði þetta gildir þó ekki um verslanir (smásöluverslanir) sem einvörðungu kaupa og selja áfram sáðvöru sem er í tilbúnum pakkningum frá viðurkenndri sáðvöruverslun.

5. gr.

Söluskilyrði.

Einungis er heimilt að selja sáðvöru sem uppfyllir kröfur þessarar reglugerðar. Sáðvara af þeim tegundum sem eru tilgreindar í 1. viðauka um viðurkenndar tegundir má selja samkvæmt þeim gæðakröfum og flokkum sem tilgreindir eru í 2. viðauka. Heimilt er að selja frá tegundinni *Poa annua* sem sáðvöru til neytenda að því tilskildu að það sé ósvikið miðað við tegund og merkt í samræmi við EES-reglur um sölufræ.

1. mgr. greinarinnar gildir ekki um:

- Sáðvöru sem er seld til lands utan EES-svæðisins;
- Sáðvöru sem er seld í vísindalegum tilgangi eða með kynbætur í huga;
- Kynbótafræ sem eru seld til fjölgunar á ábyrgð stofneigenda;
- Garðyrkjufra sem eru ræktað á Íslandi og seld sem sáðvara til viðurkenndrar sáðvöruverslunar fyrir hreinsun.

II. KAFLI

Eftirlit með ræktuninni.

6. gr.

Samningur.

Einungis má stunda frærækt undir opinberu eftirliti hafi skriflegur samningur verið gerður á milli viðurkenndrar sáðvöruverslunar og framleiðanda (8. viðauki). Hvað varðar garðyrkjufra er einungis heimilt að stunda fræræktun sem er undir opinberu eftirliti á stofnum sem eru viðurkenndir fyrir slíka ræktun, sbr. 3. gr. Heimilt er að viðurkenna garðyrkjufra sem er ætlað til útflutnings ef stofninn er viðurkenndur í innflutningslandinu. Ræktunin skal fara fram í samræmi við settar ræktunarreglur, sbr. 8. viðauka.

7. gr.

Tilkynning um ræktun.

Viðurkenndar sáðvöruverslanir skulu senda skriflega tilkynningu til aðfangaeftirlitsins um svæði þar sem plöntuskoðun á að fara fram og um framleiðslueiningar sem á að nota við samanburðarræktun (8. viðauki).

8. gr.

Plöntuskoðun og samanburðarræktun.

Aðfangaeftirlitið sér til þess að á vaxtartímabilum fari fram skoðun á fræðkrum sem hafa verið tilkynntir til plöntuskoðunar og setur upp samanburðarræktun úr þeim framleiðslu-

einingum sem eru notaðar við ræktunina til að fylgjast með því að einingarnar uppfylli skilyrði fyrir viðurkenningu (8. viðauki). Sérmenntað starfsfólk skal annast skoðunina.

Aðfangaeftirlitið getur eftir því sem með þarf haft eftirlit með plöntustofnum af grundvallarfræi og stofnfræi.

Aðfangaeftirlitinu er heimilt að skoða rekstrareiningu, rými og húsnæði sem er notað til geymslu og meðhöndlunar á sáðvöru sem er undir opinberu eftirliti.

9. gr.

Fyrirframflokkun.

Þegar plöntuskoðunin og samanburðarræktunin hefur farið fram tilkynnir aðfangaeftirlitið skriflega um niðurstöðurnar. Hafi kröfurnar verið uppfylltar er veitt bráðabirgðaleyfi til ræktunar á akrinum í þeim flokki sem um ræðir. Ef ekki er unnt að veita slíkt leyfi er gefin út skrifleg tilkynning um ástæðuna/ástæðurnar fyrir synjuninni (8. viðauki).

III. KAFLI

Gæðaeftirlit og merkingar.

10. gr.

Gæðakröfur.

Sáðvara af viðurkenndum stofni telst því aðeins söluhæft á Íslandi að hún uppfylli gæðakröfur í 2. viðauka.

Aðfangaeftirlitið getur heimilað sölu úr flokkunum grundvallarfræ og stofnfræ enda þótt kröfum um spírunarhæfni sé ekki fullnægt, að því tilskildu að nota eigi fræið til frekari fjölgunar og seljandi gefi réttar upplýsingar um spírunarhæfni við sölu.

Heimila má sölu á garðyrkjufraei, án þess að ræktunareftirlit hafi farið fram, sem stöðluðu fræi (St) ef það fullnægir kröfum um einsleitni og hreinleika og uppfyllir gæðakröfur 2. viðauka. Sýni niðurstöður eftirlitsins að framleiðslueiningin uppfyllir ekki gæðakröfurnar í 2. viðauka má ekki selja hana á EES-svæðinu.

11. gr.

Sýnataka og greining.

Aðfangaeftirlitið skal taka sýni úr framleiðslueiningunum til eftirlits á rannsóknarstofu og samanburðarræktunar. Að ræktunartímanum loknum gefur aðfangaeftirlitið út samantekt um niðurstöður ræktunar sem fer fram undir opinberu eftirliti.

Kaupandi sáðvöru, sem er framleidd undir opinberu eftirliti, á rétt á upplýsingum frá sáðvöruversluninni eða aðfangaeftirlitinu um niðurstöður eftirlits með viðkomandi framleiðslueiningu.

12. gr.

Merkingar.

Við sölu skal hver pakkning, að frátöldum smápakkningum A, B, C og D og smápakkningum og skammtapakkingum, merkt með opinberum hætti samkvæmt A- og B-hluta í I. þætti 3. viðauka.

Pakkningar með fræi af eftirfarandi tegundum skal merkja með hliðsjón af d-lið IV. hluta 3. viðauka: berjum, ávöxtum, skrugarðaplöntum, kryddplöntum, lækningajurtum og skrautjurtum.

Aðfangaeftirlitið sér til þess að pakkningarnar séu merktar. Við opinbera merkingu má nota límmiða, áfestan merkimiða eða skrifa beint á umbúðirnar.

13. gr.

Vörulýsingar.

Allar pakkningar skulu vera með vörulýsingu sem uppfyllir kröfu C-hluta I. þáttar eða II. þáttar í 3. viðauka. Sé vörulýsingin ekki á íslensku skal íslensk þýðing fylgja með við sölu.

14. gr.

Ógilding.

Sýni niðurstöður eftirlitsins sem kveðið er á um í 1. mgr. 11. gr. að framleiðslueiningin uppfylli ekki gæðakröfur 2. viðauka skal aðfangaeftirlitið sjá til þess að merkingin verði fjarlægð. Hægt er að heimila útflutning á sáðkorni að því tilskildu að það uppfylli gæðakröfurnar í 2. kafla 2. viðauka. Aðfangaeftirlitið skal sjá til þess að sett verði ný merking á eininguna.

15. gr.

Sérmerkingar.

Pakkningar sem eru viðurkenndar samkvæmt 2. mgr. 3. gr. skulu merktar með orðunum „Sáðvara til útflutnings“.

Kröfurnar sem eru settar fram í 12. gr. gilda ekki um pakkningar sem eru seldar samkvæmt undantekningarreglunum í 2. mgr. 5. gr. Pakkningar með sáðvörunni sem eru seldar með vísindalegar athuganir eða kynbætur í huga skulu bera sérstakar merkingar sem uppfylla kröfur a-liðar IV. þáttar í 3. viðauka.

Pakkningar með kynbótafræi sem á að nota sem sáðvöru til ræktunar á grundvallarfræi skulu bera merkingar sem uppfylla kröfu b-liðar IV. þáttar í 3. viðauka.

Pakkningar með grundvallarfræi og stofnfræi sem er viðurkennt samkvæmt 2. mgr. 10. gr. skulu merktar í samræmi við kröfurnar í 12. gr. og skal þeim jafnframt fylgja vörulýsing þar sem rétt spírunarhæfni er tilgreind.

16. gr.

Innsigli.

Við sölu skal hver pakkning vera innsigluð. aðfangaeftirlitið skal sjá til þess að innsiglið sé traust. Innsiglið skal vera þannig gert að það eyðileggist þegar pakkningin er opnuð.

17. gr.

Sölutímabil.

Flokkaða framleiðslueiningu má einungis selja á sölutímabili sáðvörunnar. Flokkun framleiðslueiningar eða hluta hennar getur dregist fram yfir sölutímabilið, enda uppfylli framleiðslueiningin áfram kröfu um spírunarhæfni. Aðfangaeftirlitið skal annast sýnatöku til að rannsaka spírunarhæfni að nýju auk þess að annast nauðsynlegar viðbótarmerkingar.

Aðfangaeftirlitið getur tekið sýni og sett viðbótarmerkingu með það í huga að framlengja sölutímabilið áður en útgefið sölutímabil sem innsiglað er á rennur út, enda telji aðfangaeftirlitið það forsvaranlegt með tilliti til þess að unnt sé að treysta því að

eftirlitsniðurstaðan haldi áfram að endurspegla gæði framleiðslueiningar á þeim tíma sem sala fer fram.

IV. KAFLI

Sérákvæði.

18. gr.

Fræblöndur.

Blanda má saman flokkuðum framleiðslueiningum gras- og smárafræs af mismunandi tegundum og stofnum og selja sem „fræblöndur“.

Blanda má flokkuðu sáðkorni af mismunandi afbrigðum sömu tegundar saman og selja sem sáðkornsböndu. Aðfangaeftirlitið setur nánari reglur um framleiðslu sáðkornsblanda.

19. gr.

Framleiðslueiningar og pakkningar.

Framleiðslueiningum sáðvöru í flokkunum grundvallarfræ, staðlað fræ, stofnfræ og vottað fræ með opinberum merkingum og innsigli má skipta niður og selja þær sem smápakkningar, skammtapakningar eða sérpakkningar af gerðunum A, B, C og D skv. II. hluta 3. viðauka án opinberra merkinga og innsiglis.

Þegar fyrirframflokkun sáðkorns er lokið (sbr. 9. gr.) getur sáðvöruverslunin blandað saman framleiðslueiningum úr sama flokki.

Smápakkningar og skammtapakningar skulu merktar samkvæmt kröfum þáttar A eða C í II. hluta eða d-lið í IV. hluta 3. viðauka. Verslunin skal sjá um að innsigla smápakkningar og skammtapakningar, sbr. 16. gr. Smápakkningar má selja til loka greiningartímabilsins. Skammtapakningar má selja til loka næsta tímabils á eftir greiningartímabilinu.

Sérpakkningar A, B, C og D skulu bera vörulýsingu á íslensku eða vera með prentaðar eða stimplaðar áritanir utan á umbúðunum. Vörulýsingin skal uppfylla kröfur II. kafla 3. viðauka. Ef um gagnsæjar umbúðir er að ræða má leggja vörulýsinguna inn í pakkninguna.

Verslunin skal sjá um að innsigla pakkninguna í samræmi við 16. gr. Pakkningu C skal einungis selja með frekari frærækt í huga. Pakkning D skal einungis boðin til sölu á Íslandi. Pakkningar með sáðvöru má selja til loka næsta tímabils á eftir greiningartímabilinu.

Fræmengja má sölu framleiðslueininga sáðvöru eða hluta þeirra með nýju sölutímabili eins og tilgreint er í 17. gr. og í þessari málsgrein. Þetta er háð því skilyrði að tekin séu dæmigerð sýni úr framleiðslueiningunni og að ný spírunarmæling sýni að framleiðslueiningin uppfylli áfram kröfur um spírunarhæfni. Framleiðslueiningarnar verður að merkja að nýju til að tilgreina upplýsingar um nýtt spírunarhlutfall og breyttan sölutíma.

Verslanir sem sjá um að vigta og selja smápakkningar, skammtapakningar eða sérpakkningar skulu upplýsa aðfangaeftirlitið um pakkningar, umfang og framleiðslunúmer framleiðslueininganna sem eru notaðar.

Aðfangaeftirlitið getur sett nánari reglur um hvaða upplýsingar ber að gefa um framleiðslueiningarnar.

20. gr.

Bæsuð sáðvara.

Einungis má selja bæsaða sáðvöru að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:

- a. Efnið sem er notað við bæsunina verður að vera viðurkennt af aðfangaeftirlitinu til bæsunar á sáðvöru í samræmi við gildandi lög og reglugerðir um plöntuvarnarefni.

- b. Efninu skal dreift jafnt um framleiðslueininguna.
- c. Í opinberu merkingunni eða vörulýsingunni skulu koma fram upplýsingar um bæsunina, sbr. I. og II. þátt í 3. viðauka.
- d. Merkja skal pakkningarnar í samræmi við reglur um bæsun sem aðfangaeftirlitið hefur viðurkennt fyrir bæsunarefnið.
- e. Bæsaða sáðvöru má einungis selja í innsigliðum pakkningum.

21. gr.

OECD-kerfið.

Sáðvöru má votta og merkja eftir þeim reglum sem OECD hefur sett um vottun sáðvöru sem er selt á alþjóðamarkaði, enda sé um að ræða stofna sem eru á sáðvörulista í landi sem er bundið af þessum reglum, auk þess sem framleiðslueiningin verður að uppfylla kröfur sem OECD hefur mælt fyrir um.

Við vottun samkvæmt reglunum sem um getur í fyrstu málsgrein skal aðfangaeftirlitið gefa út vottorð og sjá til þess að framleiðslueiningin sé merkt í samræmi við ákvæði 4. viðauka.

V. KAFLI

Innflutningsákvæði.

22. gr.

Innflutningur á sáðvöru.

Heimilt er að flytja inn sáðvöru ef:

- a. um er að ræða stofn sem er tilgreindur á sáðvörulista eða í sameiginlegri EB-skrá yfir stofna, enda fái kaupandi upplýsingar um að vetrarþol viðkomandi sáðvöru sé óþekkt hér á landi;
- b. framleiðslueiningin er flokkuð sem grundvallarfræ, stofnfræ eða vottuð sáðvara af yfirvaldi í landi á EES-svæðinu, eða í þriðja landi þar sem tekin hefur verið ákvörðun um að nota flokkun sambærilega þeirri íslensku og þar sem skilyrði fyrir slíkri flokkun eru uppfyllt. *Poa annua* má flytja inn sem sölufræ, sbr. 5. gr.;
- c. framleiðslueiningin uppfyllir kröfur 20. gr.;
- d. framleiðslueiningar með sáðkorni, fóðurmergkáli, næpum, rófum, repju, hreðku, fóðurfaxi, hávingli, tágavingli og rýgresi innihalda ekki flughafra (sbr. 6. gr. og 2. viðauka);
- e. Í sáðkorni skal liggja fyrir opinber yfirlýsing frá útflutningslandinu til staðfestingar á að framleiðslueiningin hafi verið ræktuð á rekstrareiningu þar sem flughafrar hafa ekki fundist á ræktunarárinu eða á næstliðnum árum og að tekið hafi verið sýni úr framleiðslueiningunni, 1 kg á hver 10 tonn, sem inniheldur ekki flughafra.

Innflutningur á sáðvöru í framleiðslueiningum, að sérpakkningum meðtöldum, skal skráður fyrirfram samkvæmt ákveðnu kerfi hjá aðfangaeftirlitinu.

Aðfangaeftirlitið getur heimilað innflutning á framleiðslueiningu með sáðvöru sem uppfyllir ekki kröfurnar í a- til c-lið, að því tilskildu að:

- a. framleiðslueiningin sé flutt inn með fjölgun í huga og uppskeran ætluð til útflutnings; eða
- b. framleiðslueiningin sé flutt inn með hreinsun og lokameðhöndlun fyrir útflutning í huga; eða

- c. framleiðslueiningin sé ræktuð sem kynbótaefni á ábyrgð og undir eftirliti stofneigandans og flutt inn með frekari fjölgun í huga á ábyrgð íslensks umboðsmanns stofneigandans; eða
- d. nota eigi framleiðslueininguna í vísindalegum tilgangi eða til kynbóta.

VI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

23. gr.

Eftirlit.

Aðfangaeftirlitið skal hafa eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé fylgt. Aðfangaeftirlitinu er heimilt að taka sýnishorn af allri sáðvöru sem reglugerðin gildir um.

24. gr.

Undanþágur.

Landbúnaðarráðherra getur að höfðu samráði við aðfangaeftirlitið veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar reglugerðar ef sérstakar aðstæður mæla með því.

25. gr.

Sáðvöru- og áburðarnefnd.

Til aðstoðar aðfangaeftirlitinu skipar landbúnaðarráðherra sáðvöru- og áburðarnefnd til fjögurra ára og skal nefndin vera ráðgefandi um framkvæmd eftirlits samkvæmt reglugerð þessari. Um skipun nefndarinnar og hlutverk fer samkvæmt ákvæðum 2. gr. laga nr. 22/1994.

26. gr.

Póknun.

Til að standa straum af kostnaði við rekstur aðfangaeftirlitsins samkvæmt reglugerð þessari skal innheimta eftirlitsgjald sem skal vera 2,0% af innflutningsverði (cif.) sáðvöru, sem innheimt skal við tollafgreiðslu vörunnar og 2,0% af söluverði (án vsk.) innlendar fóðurvöru, sem innheimt skal tvisvar á ári samkvæmt söluskýrslum framleiðenda, sem aðfangaeftirlitið sendir þeim að kostnaðarlausu. Gjald dagar eftirlitsgjalds skulu vera 1. mars og 1. október ár hvert. Sé gjaldið ekki greitt innan mánaðar frá gjalddaga skal reikna mánaðarlega dráttarvexti af því sem gjaldfallið er og eru dráttarvextir hinir sömu og hjá innlánsstofnunum samkvæmt auglýsingu Seðlabanka Íslands. Eftirlitsgjald má taka fjárnámi.

Standi framleiðandi ekki skil á upplýsingum sem nauðsynlegar eru til álagningar eftirlitsgjalds eða gögn um gjaldskylda vöru eru ófullnægjandi að mati aðfangaeftirlitsins er heimilt að áætla gjaldið og innheimta það samkvæmt þeirri áætlun. Aðfangaeftirlitið skal skriflega tilkynna greiðanda gjaldsins um áætlunina. Telji greiðandi áætlunina ranga, getur hann innan 20 daga frá og með póstsendingardegi tilkynningarinnar um áætlun gjaldsins, krafist þess skriflega að aðfangaeftirlitið taki áætlunina til endurskoðunar. Skal sú krafa rökstudd með söluskrá eða öðrum nauðsynlegum gögnum. Aðfangaeftirlitið skal innan eins mánaðar frá lokum þessa frests gera greiðanda skriflega grein fyrir afgreiðslu á kröfu hans. Heimilt er greiðanda að skjóta lokaafgreiðslu aðfangaeftirlitsins til landbúnaðarráðherra og skal skrifleg og rökstudd beiðni þar um hafa borið ráðherra innan 30 daga frá póstagningu bréfs aðfangaeftirlitsins. Beiðni um endurskoðun á áætlun gjaldsins eða deila um gjaldskyldu frestar ekki eindaga eftirlitsgjaldsins, né leysir undan neinum

viðurlögum sem lögð eru við vangreiðslu þess. Ef gjaldið er lækkað samkvæmt afgreiðslu aðfangaeftirlits eða úrskurði ráðherra skal endurgreiðsla þegar fara fram.

27. gr.

Viðurlög.

Brot gegn ákvæðum þessarar reglugerðar varða viðurlögum samkvæmt 9. gr. laga nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

28. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 22 29. mars 1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru og öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felldur II. kafli reglugerðar nr. 256 27. apríl 1981.

Landbúnaðarráðuneytið, 12. maí 1995.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.

1. VIÐAUKI

TEGUNDIR SÁÐVÖRU SEM REGLUGERÐIN TEKUR TIL:

Reglugerðin tekur til eftirtalinna tegunda, sem eru skilgreindar sem sáðvara (1. gr.):

I. Fóðurjurtir, landgræðslujurtir og grös í grasvelli.

1. Grös:

Týtulíngresi	Agrostis canina L.
Stórlíngresi	Agrostis gigantea Roth.
Skriðlíngresi	Agrostis stolonifera L.
Hálíngras	Agrostis capillaris L.
Háliðagras	Alopecurus pratensis L.
Fóðurfax	Bromus inermis Leyss.
Axhnoðapunktur	Dactylis glomerata L.
Tágavingull	Festuca arundinacea Schreb.
Sauðvingull	Festuca ovina L.
Sauðvingull	Festuca ovina L. var. duriuskula Kock
Hávingull	Festuca pratensis Huds.
Túnvingull	Festuca rubra L.
Ítalskt rýgresi	Lolium multiflorum Lam.
Westerwold-rýgresi	Lolium multiflorum Lam.
Vallarrýgresi	Lolium perenne L.

Rýgresisblendingur	<i>Lolium x boucheanum</i> Kanth.
Strandreyr	<i>Phalaris arundinacea</i> L.
	<i>Phleum bertolonii</i> DC
Vallarfoxgras	<i>Phleum pratense</i>
Kjarrsveifgras	<i>Poa nemoralis</i> L.
Fitjasveifgras	<i>Poa palustris</i> L.
Vallarsveifgras	<i>Poa pratensis</i> L.
Hásveifgras	<i>Poa trivialis</i> L.
Varpasveifgras	<i>Poa annua</i> L.
Snarrótarpuntur	<i>Deschampsia caespitosa</i>
Beringspuntur	<i>Deschampsia beringensis</i>
Melgresi	<i>Leymus arenarius</i>
Dúnmelur	<i>Leymus mollis</i>

2. Belgjurtir:

Akurmaríuskór	<i>Lotus corniculatus</i> L.
Alaskalúpína	<i>Lupinus nootkatensis</i>
Hvít lúpína	<i>Lupinus albus</i> L.
Lensulúpína	<i>Lupinus angustifolius</i> L.
Gul lúpína	<i>Lupinus luteus</i> L.
Úlfasmári	<i>Medicago lupulina</i> L.
Refasmári	<i>Medicago sativa</i> L.
Refasmári	<i>Medicago x varia</i> T.
Gráertur	<i>Pisum sativum</i> L. Convar.
	<i>Speciosum</i> (Dierb.) Alef.
Alexandríusmári	<i>Trifolium alexandrinum</i> L.
Túnsmári	<i>Trifolium hybridum</i> L.
Logasmári	<i>Trifolium incarnatum</i> L.
Rauðsmári	<i>Trifolium pratense</i> L.
Hvítsmári	<i>Trifolium repens</i> L.
Persasmári	<i>Trifolium resupinatum</i> L.
Jarðsmári	<i>Trifolium subterraneum</i> L.
Hestabaunir	<i>Vicia faba</i> L.
Fóðurflækja	<i>Vicia sativa</i> L.
Dúnflækja	<i>Vicia villosa</i> Roth
Baunagras	<i>Lathyrus japonicus</i> ssp. <i>maritimus</i>

3. Korn til þroska og grænfóðurs:

Hafrar	<i>Avena sativa</i>
Bygg	<i>Hordeum vulgare</i>
Rúgur	<i>Secale cereale</i>
Hveiti	<i>Triticum aestivum</i>
Rúghveiti	X <i>Triticosecale</i>

4. Rófur sem ekki eru af krossblómaætt:

Fóðursykurrófa	Beta vulgaris L. var. crassa Mansf.
Sykurrófa	Beta vulgaris L. var. altissima Døll

5. Káltegundir (krossblómaætt):

Fóðurmergkál	Brassica oleracea L. var. medullosa
Sumarrepja	Brassica napus v. oleifera subvar. annua
Vetrarrepja	Brassica napus v. oleifera subvar. biennis
Næpa	Brassica rapa L. ar. silvestris (Lam) Briggs
Gulrófa	Brassica napus L. (partim)
Fóðurhreðka	Raphanus sativus L. var. oleiformis Pers.
Hvítur mustarður	Sinapis alba L.

II. Garðyrkjutegundir.

1. Grænmetistegundir og matjurtir.

Sáðlaukur	Allium cepa L.
Blaðlaukur	Allium porrum L.
Garðakerfill	Anthriscus cerefolium (L.) Hoffm.
Selleri eða silla	Apium graveolens L.
Blaðbeðja, strandblaðka	Beta vulgaris L. var. vulgaris
Rauðrófa	Beta vulgaris L. var. conditiva Alef.
Hnúðkál	Brassica oleracea L. var. gongylodes L.
Grænkál	Brassica oleracea L. Alef. var. sabellica L.
Blómkál	Brassica oleracea L. convar. botrytis (L.) Alef. var. botrytis L.
Spergilkál	Brassica oleracea L. var. italica Plenck
Hvítkál	Brassica oleracea L. convar. capitata (L.) Alef. var. alba DC.
Toppkál	Brassica oleracea L. convar. capitata (L.) Alef. var. conica

DC.

Rauðkál	Brassica oleracea L. convar. capitata (L.) Alef. var. rubra DC.
Blöðrukál	Brassica oleracea L. convar. capitata (L.) Alef. var. sabauda

L.

Rósakál	Brassica oleracea L. convar. oleracea var. gemmifera DC.
Kínakál	Brassica campestris L. ssp. pekinensis (Lour) Olsson
Gulrófa	Brassica napus L. var. napobrassica (L.) Rch.
Næpa	Brassica campestris L. ssp. rapifera
Chilepipar, spænskur pipar	Capsicum annuum L.
Paprika	Capsicum annuum L.
Endvía eða vetrarsalat	Cichorium endivia L.
Jólasalat	Cichorium intybus L. var. foliosum Hegi
Síkoría, kaffifífill	Cichorium intybus L. var. sativum DC.
Vatnsmelóna	Citrullus lanatus (Thunb.) Matsum. et Nakai
Melóna	Cucumis melo L.
Gúrka	Cucumis sativus L.
Tröllakúrbítur	Cucurbita maxima Duch.
Möndlukúrbítur	Cucurbita pepo L.
Gulrætur	Daucus carota L. ssp. sativus (Hoffm.) Arcang

Fennikka	Foeniculum vulgare ssp. vulgare Mill.
Matarsalat	Lactuca Satvia L.
Tómatar	Lycopersicon esculentum Mill.
Steinselja	Petroselinum crispum (Mill.) Nyman ex A.W. Hill
Blómbaunir	Phaseolus coccineus L.
Garðbaunir	Phaseolus vulgaris L.
Garðertur	Pisum sativum L.
Hreðka, radísa	Raphanus sativus L.
Surtarrót	Scorzonera hispanica L.
Eggaldin	Solanum melongena L.
Spínat	Spinacia oleracea L.
Vorsalat	Valerianella locusta (L.) Laterr.
Flækjur	Vicia faba L.
Aðrar grænmetistegundir og matjurtir.	

2. Berjategundir.
3. Ávaxtategundir.
4. Skróðgarðategundir.
5. Kryddjurtategundir.
6. Tegundir lækningajurta.
7. Tegundir skrautjurta.

III. Iðnaðarjurtir.

Asíumustarður	Brassica juncea (L.) Czernj. Cosson
Svartur mustarður	Brassica nigra (L.) Kock
Kúmen	Carum carvi L.
Sólfífill	Helianthus annuus L.
Trefjalín (spunalín)	Linum usitatissimum L.
Olíulín	Linum usitatissimum L.
Ópíumvalmúi	Papaver somniferum L.
Hvítur mustarður	Sinapis alba L.

2. VIÐAUKI

GÆÐAKRÖFUR (10. gr.).

I. Landgræðslujurtir, grös í grasvelli og fóðurjurtir aðrar en korntegundir og rófur.

Ekki er krafist stofnhreinleika í sáðvöru til landgræðslu á Íslandi og sem er safnað eða ræktað á Íslandi og er ekki fáanlegt á alþjóðlegum markaði. Aðrar gæðakröfur hvað varðar spírunarhæfni, hreinleika og önnur fræ eru þær sömu og um vottað fræ fyrir fóðurjurtir.

A. Vottað fræ.

1. Fræ skal að stofni til vera ósvikið og hreint. Stofnhreinleiki eftirtalinna tegunda skal vera minnst:

Vallarsveifgras (*Poa pratensis*) eða aðrar geldæxla (apomictic) tegundir 98 %

Gráertur (*Pisum sativum*) og hestabaunir (*Vicia faba*):

- vottað fræ af 1. ættlið 99 %

- vottað fræ af 2. ættlið 98 %

Fóðurmergkál (*Brassica oleracea* convar. acephala) 99 %

Brassica napus, *Brassica rapa*, *Sinapis alba*

- stofnfræ 99,7%

- vottað fræ 99,0%

Eftirlit með lágmarkskröfum um stofnhreinleika fer einkum fram með opinberri plöntu-skoðun samkvæmt reglum um akurskoðun og viðurkenningu.

2. Sjúkdómum og skaðlegum lífverum er takmarka notagildi fræs skal haldið í lágmarki.
3. Fræið skal uppfylla tilskildar kröfur um hreinleika, innihald fræja af öðrum tegundum jurta, innihald af hörðum fræjum og stærð sýnis skal tryggja að unnt sé að ákvarða fjölda fræja af öðrum tegundum, sem eru tilgreindar í 1. töflu a og 1. töflu b.

1. tafla a. Vottað fræ af grastegundum.

Lykill:

1. Tegund
2. Lágmarksspírunarhæfni, % af fjölda
3. Lágmarkshreinleiki, % af þyngd
4. Hámarksinnihald fræja af öðrum tegundum jurta, % af þyngd alls
5. Hámarksinnihald fræja af einni annarri tegund jurta, % af þyngd
6. Hámarksinnihald fræja af *Agropyron repens*, % af þyngd
7. Hámarksfjöldi *Rumex* spp. til viðbótar við *R. acetosella* og *R. maritimus*
8. Lágmarkssýni til að ákvarða fjölda fræja af öðrum tegundum jurta, grömm

	1	2	3	4	5	6	7	8
<i>Grös</i>								
<i>Agrostis gigantea</i>	80	90	2	1	0,3	2	5	
<i>Agrostis</i> , aðrar tegundir	75	90	2	1	0,3	2	5	
<i>Alopecurus pratensis</i>	70	75	2,5	1	0,3	5	30	
<i>Bromus inermis</i>	80	92	1	0,5	0,3	5	90	
<i>Dactylis glomerata</i>	80	90	1,5	1	0,3	5	30	
<i>Festuca arundinacea</i>	80	95	1,5	1	0,5	5	50	
<i>Festuca ovina</i>	75	85	2	1	0,5	5	30	
<i>Festuca pratensis</i>	80	95	1,5	1	0,3	5	50	
<i>Festuca rubra</i>	75	90	1,5	1	0,3	5	30	
<i>Lolium multiflorum</i>	75	96	1,5	1	0,5	5	60	
<i>Lolium perenne</i>	80	96	1,5	1	0,3	5	60	
<i>Lolium x boucheanum</i>	75	96	1,5	1	0,5	5	60	
<i>Phalaris arundinacea</i>	80	95	1	0,5	0,3	5	30	

Phleum bertolonii	80	96	1,5	1	0,3	5	10
Phleum pratense	80	96	1,5	1	0,3	5	10
Poa annua	75	85	2	1	0,3	5	10
Poa, aðrar tegundir	75	85	2	1	0,3	2	5
Deschampcia caespitosa	75	85	2	1	0,5	2	5
Deschampcia beringensis	75	85	2	1	0,5	2	5
Leymus arinarius	75	95	1	1	0,3	2	30
Leymus mollis	75	95	1	1	0,3	2	30

Athugasemdir við kröfur um vottað grasfræ:

- Öll heilbrigð og lifandi óspíruð fræ skulu teljast til spíraðra fræja.
- Fyrir sveifgrastegund (*Poa*) telst 0,8% þyngdarhlutfall fræja af öðrum sveifgrastegundum ekki til óhreininda og telst ekki sem hluti af innihaldi fræja af öðrum tegundum í 4. og 5. dálki.
- Fyrir liðagrös (*Alopecurus*) gildir hámarkið í 5. dálki ekki um fræ af sveifgrastegundum.
- Þyngdarhlutfall fræja *Alopecurus myosuroides* skal ekki vera hærra en 0,3%.
- Flughafrar (*Avena fatua* L.) mega ekki finnast við eftirlit á sáðótíma að því er varðar tegundirnar hávingul, tágavingul, rýgresi og fóðurfax, og fyrir þessar tegundir má ekki finnast flughafræ.
- Fræið skal vera hreint af vafsníkju (*Cuscuta*), í því magni sem er tilgreint í 8. dálki. Eitt fræ af vafsníkju telst þó ekki til óhreininda ef annað sýni af sömu stærð er hreint af vafsníkju. Fyrir aðrar tegundir en foxgrös (*Phleum*) þarf ekki að fara fram athugun með tilliti til vafsníkju nema efasemdir séu um að kröfum hafi verið fullnægt.
- Að foxgrös (*Phleum*) undanskildum skal því aðeins fara fram athugun með tilliti til súrufræs (*Rumex*) að grunur leiki á að kröfum samkvæmt 7. dálki sé ekki fullnægt.

1. tafla b. Vottað fræ af belgjurtum og öðrum tegundum.

Lykill:

- Tegund
- Lágmarksspírunarhæfni, % af fjölda
- Hámarkshlutfall af hörðu óspíruðu fræi, % af fjölda
- Lágmarkshreinleiki, % af þyngd
- Hámarkshlutfall af fræi annarra tegunda, % alls af þyngd
- Hámarkshlutfall af fræi af einni annarri tegund, % af þyngd
- Hámarksfjöldi *Rumex* spp. til viðbótar við *R. acetosella* og *R. maritimus*
- Lágmarkssýni til að ákvarða fjölda fræja af annarri tegund, grömm

	1	2	3	4	5	6	7	8
<i>Belgjurtir</i>								
<i>Lotus corniculatus</i>	75	40	95	1,8	1,0	0		30
<i>Lupinus nootkatensis</i>	75	40	98	0,5	0,3	2		100
<i>Lupinus angustifolius</i>	75	20	98	0,5	0,3	5		1.000
<i>Lupinus</i> , aðrar tegundir	80	20	98	0,5	0,3	5		1.000
<i>Medicago lupulina</i>	80	20	97	1,5	1,0	10		50

Medicago sativa	80	40	97	1,5	1,0	10	50
Medicago x varia	80	40	97	1,5	1,0	10	50
Pisum sativum	80	---	98	0,5	0,3	5	1.000
Trifolium alexandrinum	80	20	97	1,5	1,0	10	60
Trifolium hybridum	80	20	97	1,5	1,0	10	20
Trifolium incarnatum	75	20	97	1,5	1,0	10	80
Trifolium pratense	80	20	97	1,5	1,0	10	5
Trifolium repens	80	40	97	1,5	1,0	10	20
Trifolium resupinatum	80	20	97	1,5	1,0	10	20
Vicia faba	85	5	98	0,5	0,3	5	1.000
Vicia, aðrar tegundir	85	20	98	1,0	0,5	5	1.000

Káltegundir

Brassica oleracea	75	---	98	1,0	0,5	10	100
Brassica napus	75	---	98	---	2	5	100
Brassica rapa	85	---	98	---	2	5	70
Raphanus sativus var	80	---	97	1,0	0,5	5	300
Sinapis alba	85	---	98	---	2	5	200

Athugasemdir við kröfur um vottað fræ af belgjurtum og öðrum tegundum fóðurjurtar:

- h) Öll heilbrigð lifandi óspíruð fræ skulu teljast til spíraðra fræja.
- i) Hörd fræ skulu teljast til spíraðs fræs að því hámarki sem er tilgreint í 3. dálki.
- j) Hvað varðar fræ af akurmariuskó telst allt að því 1% þyngdarhlutfall af fræi rauðsmára ekki til óhreininda og sá hluti bætist ekki við summuna úr 5. og 6. dálki.
- k) Allt að því 0,5 % þyngdarhlutfall fræs af öðrum tegundum af lúpínu í lúpínu, af ertum í gráertum, af flækjum í flækjutegundum (*Vicia*) af svipaðri stærð skal ekki teljast til óhreininda og þessi hluti bætist ekki við summuna úr 5. og 6. dálki.
- l) Þyngdarhlutfall fræs af steinsmára (*Melilotus*) í belgjurtum skal ekki vera hærri en 0,3%.
- m) Þyngdarhlutfall fræs af akurhreðku (*Raphanus raphanistrum*) og arfamustarði (*Sinapis arvensis*) skal ekki vera hærri en 0,3% í fóðurmergkáli (*Brassica oleracea*) og fóðurhreðku (*Raphanus sativus*).
- n) Fræ flughafra mega ekki finnast í fræsýninu sem er tekið til athugunar eins og tilgreint er í 8. dálki.
- o) Í sýninu sem er tilgreint í 8. dálki skal ekki vera fræ af vafsníkju. Eitt fræ af vafsníkju í þessu sýni telst þó ekki til óhreininda í fóðurmergkáli ef annað sýni af sömu þyngd er hreint af vafsníkju.
Hvað varðar fræ af akurmariuskó, refasmára og smáategundum telst eitt fræ af vafsníkju í sýninu ekki til óhreininda ef annað sýni, sem er helmingi stærra en krafist er samkvæmt 8. dálki, er hreint af vafsníkju.
Ekki er nauðsynlegt að fram fari athugun með tilliti til fræs af vafsníkju í framleiðslueiningum með lúpínu, gráertum, flækjum (*Vicia*), fóðurmergkáli og fóðurhreðku nema efasemdir séu um að kröfum hafi verið fullnægt.
- p) Athugun með tilliti til fræs af súrutegundum til viðbótar við fræ hundasúru (*Rumex acetosella*) og strandsúru (*Rumex maritimus*) skal fara fram á þeirri sýnastærð sem er

tilgreind í 8. dálki. Slík athugun er ekki nauðsynleg vegna fræja af lúpínu, flækjum (*Vicia*) og gráertum nema grunur leiki á að kröfum sé ekki fullnægt.

Sérstakar kröfur vegna lúpínu:

1. Fjöldi fræja af öðrum lit skal ekki vera yfir 2% í stofnum beiskrar lúpínu að Alaskalúpínu undanskilinni og 1% í öðrum lúpínustofnum.
2. Fjöldi fræja af beiskum lúpínustofnum skal ekki vera yfir 2,5% í fræjum af öðrum lúpínustofnum.

B. Grundvallarfræ og stofnfræ.

Kröfur sem eru gerðar um vottaða sáðvöru gilda einnig um grundvallarfræ og stofnfræ. Athugasemdirnar í liðum b, c, d, j og k í 3. mgr. þáttar A í I. hluta gilda ekki um stofnfræ.

Fyrir grundvallarfræ og stofnfræ gilda ekki ákvæði f- og o-liðar um að sýni skuli teljast hreint af fræjum vafsníkju ef annað sýni er hreint.

Eftirfarandi kröfur gilda um grundvallarfræ og stofnfræ:

1. Lágmarkshreinleiki miðað við stofn skal vera 99,7% fyrir geldæxla vallarsveifgrasstofna, gráertur, fóðurmergkál og hestabaunir.
2. Við athugun með tilliti til fræs af öðrum jurtategundum skal miða við það magn sem er tilgreint í 1. töflu a og 1. töflu b í 8. dálki.
3. Þyngdarhlutfall fræs af öðrum jurtategundum skal ekki vera yfir 3%. Fyrir fóðurfaxfræ eru mörkin við þyngdarhlutfallið 0,4%. Ennfremur skulu í mesta lagi vera 20 fræ af einni tegund í því magni sem er tilgreint í 8. dálki (sbr. 4. og 5. lið hér að aftan).
4. Í fræi sveifgrasa skal við athugun á 500 fræjum vera mest 1 fræ af öðrum sveifgras- tegundum.
5. Í fræi af háliðagrasi, axhnoðapunkti, vingultegundunum og rýgresi skulu innan við 80 fræ af sveifgrasi ekki teljast til óhreininda.
6. Mesti leyfilegi fjöldi af súrutegundum, húsapunti og *Alopecurus myosuroides* er tilgreindur í 2. töflu.

2. tafla. Hámarksfjöldi fræja af Rumex, Apropyron og Alopecurus myosuroides í grundvallarfræi og stofnfræi.

Tegundir	Rumex-tegundir að undanskildum R. acetosella og R. maritimus	Agropyron repens	Alopecurus myosuroides
<i>A. Grös:</i>			
Agrostis spp.	1	1	1
Alopecurus pratensis	2	5	5
Bromus inermis Leyss.	5	5	5
Dactylis glomerata	2	5	5
Festuca spp.	2	5	5
Lolium spp.	2	5	5
Phalaris arundinacea L.	5	5	5
Phleum spp.	2	1	1
Poa spp.	1	1	1

B. Belgjurtir:

Lotus corniculatus	3
Lupinus spp.	2
Medicago spp.	3
Pisum sativum	2
Trifolium spp.	3
Vicia spp.	2

C. Káltegundir:

Brassica oleracea convar.	3
Brassica napus	3
Brassica rapa	3
Sinapis alba	3
Raphanus sativus var. oleiformis	2

7. Belgjurtafræ skulu ekki innihalda fræ af steinsmára. Eitt fræ af steinsmára telst ekki til óhreininda í akurmariuskó, úlfasmára, refasmára og öðrum smáategundum ef annað sýni sem er helmingi stærra er hreint af fræjum steinsmára. Ekki þarf að fara fram athugun með tilliti til fræja steinsmára á framleiðslueiningum með lúpínu, gráertum og flækjutegundum (*Vicia*).

Sérstakar kröfur um lúpínu:

1. Fjöldi fræja af beiskum lúpínustofnum skal ekki vera yfir 1% í fræjum af öðrum lúpínustofnum.

II. Korn til grænfóðurs og þroska.

Íslenskar gæðakröfur teljast vera uppfylltar þegar greiningarniðurstöður og leyfileg frávik eru í samræmi við kröfurnar. Sömu kröfur eru gerðar til sáðkorns til útflutnings.

1. Eftirfarandi kröfur eru gerðar til stofnhreinleika;

Korntegund	Flokkur	Krafa
Bygg, hafrar og hveiti	P og B	lágmark 99,9%
	C1	lágmark 99,7%
	C2	lágmark 99,0%
Rúgur	Allir	*

* Allir flokkar af rúgi skulu vera hreinir miðað við stofn.

Kynbótafræ, notað sem sáðvara til ræktunar á grundvallarfræi, skal uppfylla kröfur um grundvallarfræ með tilliti til annarra stofna.

2. Eftirfarandi kröfur eru gerðar til spírunarhæfni;

Korntegund	Flokkur	Krafa, %	Leyfileg frávik
Bygg, hafrar og vorhveiti	B, C1 og C2	minnst 90,0	3
	D	minnst 85,0	0
Rúgur, hausthveiti og rúgmjöl	Allir	minnst 85,0	0

3. Eftirfarandi kröfur er gerðar til fjölda kjarna af öðrum korntegundum og fjöldi kjarna af illgresisfræi á hvert kg;

Korntegund	Flokkur	Krafa, fjöldi	Leyfileg frávik
Allar	P og B	hámark 1 kjarni af annarri korntegund	1
		hámark 3 kjarnar af illgresisfræi samtals	0
		hámark 2 kjarnar af húsapunti	0
Allar	C1 og C2	hámark 4 kjarnar af annarri korntegund	2
Allar	D	hámark 14 kjarnar af annarri korntegund	0
Allar	C1, C2 og D	hámark 5 kjarnar af illgresisfræi samtals	0
		hámark 2 kjarnar af húsapunti	0

4. Sjúkdómum er takmarka notagildi sáðkorns skal haldið í lágmarki. Eftirfarandi kröfur eru gerðar um;

a. Innihald af grasdrjólum á hvert kg

Korntegund	Flokkur	Krafa, fjöldi
Allar	P og B	hámark 2
	C1, C2 og D	hámark 6

b. „Nakinn sótsveppur“

Korntegund	Flokkur	Krafa, %
Allar krafa*	P	Engin
	B	hámark 0,05
	C1 og C2	hámark 0,1
	D	hámark 1,0

* Hægt er að krefjast sveppameðhöndlunar.

5. Sáðkornsblöndur. Einstakir stofnar eru settir í blönduna eftir tilgreindu magnhlutfalli.
6. Aðrar kröfur;
 - a) Hreinleiki sáðkorns í öllum flokkum má ekki fara undir 99,5%. Leyfilegt frávik er 0,3 %.
 - b) Ekki má finnast fræ af flughöfrum eða eiturrýgresi í neinum flokki sáðkorns.
 - c) Raki sáðkorns má ekki vera meiri en 15% af þyngd í neinum flokki sáðkorns.

III. Rófur aðrar en af krossblómaætt.

A. Grundvallarfræ, stofnfræ og vottað fræ.

1. Fræi skal vera nægilega ósvikið og hreint miðað við stofn.
2. Sjúkdómum er takmarka notagildi fræs skal haldið í lágmarki.
3. Þyngdarhlutfall fræs af öðrum tegundum jurta skal ekki vera hærra en 0,3%. Í þessu þyngdarhlutfalli er þyngd kornaðra varnarefna, húðunarefna eða annarra fastra aukefna ekki reiknuð með.
4. Fræ skal enn fremur uppfylla eftirtaldar kröfur:

Kröfur um hreinleika, spírunarhæfni og rakainnihald

Fræ	Lágmarks- hreinleiki % af þyngd	Lágmarks- spírun % af fjölda	Hámarks- rakainnihald % af þyngd
<i>Sykurrófur:</i>			
Arfbundin einkímsfræ	97	80	15
Tæknilega einkímuð fræ	97	75	15
Fjölkiðsfræ af stofnum sem eru meira en 85% tvílitna	97	73	15
Annað fræ	97	68	15
<i>Fóðursykurrófur:</i>			
Arfbundin einkímsfræ	97	73	15
Tæknilega einkímuð fræ	97	73	15
Fjölkiðsfræ af stofnum sem eru meira en 85% tvílitna	97	73	15
Annað fræ	97	68	15

Sérstakir staðlar fyrir:

- a) Arfbundin einkímsfræ.
Minnst 90% spíraðra fræja skal við spírun reynast einkíma. Hlutfall fræja sem upp af vaxa þrjár eða fleiri plöntur skal ekki vera hærra en 5% spíraðra fræja.
- b) Tæknilega einkímað fræ.
 1. Sykurrófa.

Minnst 70% spíraðra fræja skal við spírun reynast einkíma. Hlutfall fræja sem upp af vaxa þrjár eða fleiri plöntur skal ekki vera hærri en 5% spíraðra fræja.

2. Fóðursykurrófa.

Þegar um er að ræða stofna sem eru yfir 85% tvílitna skal af minnst 58% spíraðra fræja koma upp einungis ein ungplanta. Fyrir öll önnur fræ skal af minnst 63% spíraðra fræja koma upp einungis ein ungplanta. Hlutfall fræja sem upp af vaxa þrjár eða fleiri plöntur skal ekki vera hærri en 5% spíraðra plantna.

c) Arfbundin einkímsfræ og tæknilega einkímað fræ.

Fyrir stofnfræ skal þyngdarhlutfall óhreininda ekki vera yfir 1,0%.

Fyrir vottað fræ skal þyngdarhlutfall óhreininda ekki vera yfir 0,5%.

Þegar um er að ræða húðað fræ skal greining fara fram á sýnum sem, samkvæmt opinberum aðferðum, eru tekin úr forunnu fræi sem hefur verið afhýtt að hluta til (skorið eða mulið) en hefur enn ekki verið húðað.

IV. Iðnaðarjurtir.

A. Grundvallarfræ, stofnfræ og vottað fræ.

1. Fræið skal að stofni til vera ósvikið.

Eftirfarandi lágmarksgildi eiga við um stofnhreinleika:

Tegund og flokkur	Lágmarks- stofnhreinleiki í %
Helianthus annuus, nema blendingar	
--- stofnfræ	99,7
--- vottað fræ af fyrsta ættlið	99,0
Linum usitatissimum	
--- stofnfræ	99,7
--- vottað fræ af fyrsta ættlið	98,0
--- vottað fræ af öðrum ættlið	97,5
Papaver somniferum	
--- stofnfræ	99,0
--- vottað fræ	98,0

Eftirlit með því hvort kröfum um lágmarkshreinleika stofna er fullnægt skal einkum framkvæmt með plöntuskoðunum.

2. Sjúkdómum og skaðlegum lífverum er takmarka notagildi fræja skal haldið í lágmarki.

Eftirfarandi kröfur gilda um sjúkdóma er draga úr notagildi fræs:

- Hlutfall fræs af iðnaðarjurtum sem eru sýkt af grásveppi (*Botrytis*) skal ekki vera hærri en 5%.

- b) Hlutfall fræs af iðnaðarjurtum sem eru sýkt af öðrum sjúkdómum en grásveppi, einkum rótarfúa (*Ascochyta linicola*), visnunarveiki (*Colletotrichum lini*), *Fusarium* tegundum og *Alternaria* tegundum skal ekki vera hærra en 5% samtals.

Í trefjalíni skal hlutfall fræs sem er sýkt af rótarfúa ekki vera hærra en 1%.

- c) Fyrir fræ af hvítum mustarði skulu hnúðar eða vottar um hnúða af (*Sclerotinia sclerotiorum*) ekki vera fleiri en fimm og fyrir fræ af gulrófu og sólflíli skulu þeir ekki vera fleiri en tíu í greiningarsýninu sem er tilgreint í 7. dálki.

Þessi athugun skal ekki fara fram nema ástæða sé til að ætla að kröfur séu ekki uppfylltar.

3. Fræ skal enn fremur uppfylla kröfurnar í 3. töflu.

3. tafla. Kröfur um spírun, hreinleika og innihald fræs af öðrum jurtategundum, ásamt lágmarkspýngd sýna til að unnt sé að ákvarða fræ af öðrum jurtategundum.

Lykill:

1. Tegund.
2. Lágmarksspírun, % af fjölda.
3. Lágmarkshreinleiki, % af þýngd.
4. Hámarksfjöldi fræja af öðrum tegundum, alls.
5. Hámarksfjöldi Rumex tegunda að frátaldri Rumex acetosella í grundvallarfræi og stofnfræi.
6. Hámarksfjöldi Rumex tegunda að frátaldri Rumex acetosella í vottuðu fræi.
7. Lágmarkssýni til að ákvarða fjölda fræja af öðrum tegundum, grömm.

1	2	3	4	5	6	7
Brassica Juncea	85	98	---	2	5	40
Brassica nigra	85	98	---	2	5	40
Carum carvi	70	97	25	---	---	80
Helianthus annuus	85	98	5	---	---	1.000
Linum usitatissimum, trefjalín	92	99	15	---	--	150
Linum usitatissimum, oliulín	85	99	15	---	---	150
Papaver somniferum	80	98	25	---	---	10
Sinapis alba	85	98	---	2	5	200

Athugasemdir við kröfur er gilda um iðnaðarjurtir.

- a) Þýngdarhlutfall fræs af öðrum tegundum jurta í káli og hvítum mustarði skal ekki vera hærra en 0,3%.
- b) Kröfurnar sem vísað er til í 4., 5. og 6. dálki og liðum c - i hér að aftan gilda um greiningu á því magni sem er tilgreint í 7. dálki.
- c) Hámarksfjöldi fræja samkvæmt 4. dálki tekur einnig til fræs af öðrum tegundum sem um getur í liðum e - i hér að aftan.

- d) Fyrir framleiðslueiningar með kúmeni og ópíumvalmúa skal eingöngu fara fram athugun með tilliti til annarra tegunda ef grunur leikur á að kröfum sé ekki fullnægt.
- e) Fræ flughafra má ekki finnast í greiningarsýni.
- f) Fræ af vafsníkju skal ekki vera í greiningarsýni. Athugun með tillit til fræs af vafsníkju skal eingöngu fara fram ef efasemdir eru um að kröfum sé fullnægt.
Eitt fræ af vafsníkju í sýnum úr káltegundum, kúmeni, olíu- og trefjalíni, ópíumvalmúa og hvítum mustarði telst ekki til óhreininda ef annað sýni er hreint af fræi vafsníkju.
- g) Í greiningarsýni fræs af káltegundum, kúmeni og hvítum mustarði skulu ekki vera fleiri en 10 fræ af akurhreðku.
- h) Í greiningarsýni fræs af kúmeni, trefja- og olíulíni skulu ekki vera fleiri en 3 eða 4 fræ af *Alopecurus myosuroides*.
- i) Í greiningarsýni fræs af trefja- og olíulíni skulu ekki vera fleiri en 2 fræ af *Lolium remotum*.

V. Garðyrkjujurtir.

1. Fræ skal vera ósvikið og hreint miðað við stofn.
2. Sjúkdómum og skaðlegum lífverum er takmarka notagildi fræs skal haldið í lágmarki.
3. Fræ skal enn fremur uppfylla eftirtaldar kröfur í eftirfarandi:

Lykill:

1. Tegund.
2. Lágmarksspírunarhæfni, % af fjölda.
3. Lágmarks hreinleiki, % af þyngd.
4. Hámarksinnihald fræja af öðrum tegundum, % af þyngd.

1	2	3	4
Allium cepa	70	97	0,5
Allium porrum	65	97	0,5
Anthiscus cerefolium	70	96	1,0
Apium graveolens	70	97	1,0
Beta vulgaris (allar tegundir)	70	97	0,5
Brassica oleracea convar. botrytis	70	97	1,0
Brassica oleracea (aðrar undirtegundir)	75	97	1,0
Brassica napus var. napobrassica	75	97	1,0
Brassica campestris ssp. rapifera	80	97	1,0
Brassica campestris ssp. pekinensis	75	97	1,0
Capsicum annuum	65	97	0,5
Cichorium endivia	65	95	1,0
Cichorium intybus var. foliosum	65	95	1,5
Cichorium intybus var. sativum	80	97	1,0
Citrullus lanatus	75	98	0,1
Cucumis melo	75	98	0,1
Cucumis sativus	80	98	0,1
Cucurbita maxima	80	98	0,1

Cucurbita pepo	75	98	0,1
Daucus carota	65	95	1,0
Foeniculum vulgare	70	96	1,0
Lactucasativa	75	95	0,5
Lycopersicum esculentum	75	97	0,5
Petroselinum crispum	65	97	1,0
Phaseolus coccineus	80	98	0,1
Phaseolus vulgaris	75	98	0,1
Pisum sativum	80	98	0,1
Papuanus sativus	70	97	1,0
Scorzonera hispanica	70	95	1,0
Solanum melongena	65	96	0,5
Spinacia oleracea	75	97	1,0
Valerianella locusta	65	95	1,0
Vicia faba	80	98	0,1
Aðrar grænmetistegundir	engin	98	0,1
Berjategundir	engin	engin	engin
Ávaxtategundir	engin	engin	engin
Skrúðgarðategundir	engin	engin	engin
Kryddjurtategundir	engin	engin	engin
Skrautjurtategundir	engin	engin	engin

Aðrar kröfur:

4. Belgjurtafræ mega ekki vera smituð eða bera með sér eftirtalin lifandi skordýr:

Acanthoscelides obtectus (baunakímblað)

Bruchus affinis Froel.

Bruchus atomarius L.

Bruchus pisorum L. (ertukímblað)

Bruchus rufimanus Boh.

5. / Fræ mega ekki vera smituð eða bera með sér lifandi *Acarina* (midd).

3. VIÐAUKI

MERKINGAR Á FRAMLEIÐSLUEININGUM OG PAKKNINGUM.

I. HLUTI

Merkingar á framleiðslueiningum og pakkningum, að smápakkningum, skammta-pakkningum og sérpakkningum A, B, C og D undanskildum. Upplýsingar sem skulu koma fram í opinberum merkingum (15. gr.):

A. Grundvallarfræ, stofnfræ, vottað fræ og sáðkorn í flokki D.

1. „EES-reglur og -kröfur“.
2. Nafn opinbers eftirlitsaðila - land.
3. Númer framleiðslueiningar.

4. Innsiglanarmánuður og -ár.
5. Tegund, grasafræðiheiti ritað á latínu. Rita má heitið stytth, með hefðbundnum hætti eða hvorutveggja.
6. Stofn, gefinn upp með latínskum bókstöfum.
7. Flokkur.
8. Ræktunarland.
9. Nettó- eða brúttóþyngd.
10. Aðrar upplýsingar.

Athugasemdir:

1. Ef fræið er rófnafre skal tilgreina í 5. lið hvort um er að ræða fræ af fóbursykurrófu eða sykurrófu.
2. Ef fræið er rófnafre skal tilgreina í 5. lið hvort um er að ræða arfbundið einkímsfræ eða tæknilega einkímað fræ.
3. Við 10. lið skal gefa upplýsingar um hugsanlega bæsun fræsins. Ef notuð eru kornuð varnarefni, húðunarefni eða önnur föst aukefni skal tilgreina efnin og áætlað þyngdarhlutfall miðað við þyngd af hreinu fræi. Ef um rófnafre er að ræða skal tilgreina hlutfall plantna.
4. Ef um vottað fræ er að ræða skal tilgreina fjölda ættliða frá stofnfræi samkvæmt 7. lið.
5. Fyrir nytjajurtir sem ekki hafa verið gæðaprófaðar með nytjaræktun í huga skal eftirfarandi upplýsingum bætt við 10. lið: „Ekki ætlað til ræktunar nytjajurta“.
6. Ef framleiðslueiningin er með grundvallarfræi og stofnfræi sem hafa lægri spírunarhæfni (sbr. 11) skal þeim upplýsingum bætt við í 10. lið.

B. Fræblöndur (15. og 18. gr.).

1. „EES-reglur og -kröfur“.
2. Nafn opinbers eftirlitsaðila - land.
3. Númer blöndunnar.
4. Innsiglanarmánuður og -ár.
5. „Fræblanda til notkunar...“
6. Þyngdarhlutfall tegundar/stofns.
7. Nettó- eða brúttóþyngd.
8. Aðrar upplýsingar.

Athugasemdir:

1. Nægilegt er að gefa upp merkingu fræblöndunnar við 6. tölul. að því tilskildu að kaupandi fái skriflegar upplýsingar um þyngdarhlutfallið og það sé skráð af aðfanga-eftirlitinu.
2. Í 8. tölul. skal gefa upplýsingar um hugsanlega bæsun fræsins. Ef notuð eru kornuð varnarefni, húðunarefni eða önnur aukefni við meðhöndlun á fræinu skal gefa upp þyngd efnisins, þyngd fræsins og samanlagða þyngd aukefna og fræs.

C. Vörulýsing á íslensku fyrir pakkningar með opinberum merkingum (13. gr.).

1. „EES-reglur og -kröfur“.
2. Fyrirtækjaheiti eða merki (lógó) fyrirtækis.
3. Heiti aðildarríkis eða skammstöfun þess og hugsanlega nafn eftirlitsyfirvalds.

4. Númer framleiðslueiningar.
5. Tegund og stofn.
6. Nettó- eða brúttóþyngd.
7. Þyngdarhlutfall hreins fræs.
8. Þyngdarhlutfall illgresisfræs.
9. Spírunarhæfni.
10. Aðrar upplýsingar.

Athugasemdir:

1. Í 10. tölul. skal gefa upplýsingar um hugsanlega bæsun fræsins. Ef notuð eru kornuð varnarefni, húðunarefni eða önnur aukefni við meðhöndlun á fræinu skal gefa upp þyngd efnisins, þyngd fræsins og samanlagða þyngd aukefna og fræs.

D. Fræ sem hefur ekki verið flokkað endanlega (á við um garðyrkjufraeingöngu).

1. Nafn opinbers eftirlitsaðila - land.
2. Númer framleiðslueiningar.
3. Tegund, lágmarkslengd grasafræðiheitis ritað á latínu. Rita má heitið stytt, með hefðbundnum hætti eða hvorutveggja.
4. Stofn, gefinn upp með latínskum bókstöfum.
5. Flokkur.
6. Uppgefin nettóþyngd eða fjöldi fræja og brúttóþyngd má gefa upp.
7. Jafnframt skal bæta við eftirfarandi texta: „Hefur ekki verið flokkað endanlega.“

E. Sáðvara ætluð til landgræðslu.

1. Nafn opinbers eftirlitsaðila á Íslandi.
2. Nafn framleiðanda og söluaðila.
3. Plöntutegund.
4. Uppruni. Frá hvaða landssvæði á Íslandi.
5. Ræktunarstaður ef annar en uppruni.
6. Uppgefin nettóþyngd eða fjöldi fræja og brúttóþyngd má gefa upp.
7. Jafnframt skal bæta við eftirfarandi texta: „Ætlað til landgræðslu eingöngu.“
8. Aðrar athugasemdir.

Athugasemdir:

1. Í 8. tölulið skal gefa upplýsingar um hugsanlega bæsun fræsins. Ef notuð eru kornuð varnarefni, húðunarefni eða önnur aukefni við meðhöndlun á fræinu skal gefa upp þyngd efnisins, þyngd fræsins og samanlagða þyngd aukefna og fræs.

II. HLUTI

Merkingar á sérpakkningum A, B, C og D (12., 13., og 19.gr.). Vörulýsing á íslensku eða áþrygktur eða prentaður texti á pakkningunni:

A. A-pakkning (2. gr.).

1. „EES - A-pakkning“.
2. Fyrirtækjaheiti eða merki (lógó) fyrirtækis.
3. Heiti aðildarríkis eða skammstöfun þess og hugsanlega nafn eftirlitsyfirvalds.

4. Númer framleiðslueiningar.
5. Síðasti söludagur.
6. „Fræblanda til notkunar“
7. Nettó- eða brúttóþyngd.
8. Þyngdarhlutfall tegunda/stofna.
9. Spírunarhæfni tegunda/stofna.
10. Aðrar upplýsingar.

Athugasemdir:

1. Einungis þarf að gefa upplýsingar um síðasta söludag (sbr. 5. tölul.) þegar um er að ræða fræ sem er vigtað á Íslandi. Hafi síðasta söludegi verið breytt skal upplýsa það og tilgreina nýja dagsetningu.
2. Nægilegt er að gefa upp merkingu fræblöndunnar við 8. tölul. að því tilskildu að kaupandi fái skriflegar upplýsingar um þyngdarhlutfallið og það sé skráð af aðfangaeftirlitinu.
3. Í 10. tölul. skal gefa upplýsingar um hugsanlega bæsun fræsins. Ef notuð eru kornuð varnarefni, húðunarefni eða önnur aukefni við meðhöndlun á fræinu skal gefa upp þyngd efnisins, þyngd fræsins og samanlagða þyngd aukefna og fræs.

B. B-pakkning (2. gr.).

Vottuð sáðvara.

1. „EES - B-pakkning“.
2. Fyrirtækjaheiti eða merki (lógó) fyrirtækis.
3. Heiti aðildarríkis eða skammstöfun þess og hugsanlega nafn eftirlitsyfirvalds.
4. Númer framleiðslueiningar.
5. Síðasti söludagur.
6. Tegund.
7. Stofn.
8. „Vottað fræ“.
9. Nettó- eða brúttóþyngd.
10. Spírunarhæfni.
11. Aðrar upplýsingar.

Athugasemdir:

1. Einungis þarf að gefa upplýsingar um síðasta söludag (sbr. 5. tölul.) þegar um er að ræða fræ sem er vigtað á Íslandi. Hafi síðasta söludegi verið breytt, skal upplýsa það og tilgreina nýja dagsetningu.
2. Í 11. tölul. skal gefa upplýsingar um hugsanlega bæsun fræsins. Ef notuð eru kornuð varnarefni, húðunarefni eða önnur aukefni við meðhöndlun á fræinu skal gefa upp þyngd efnisins, þyngd fræsins og samanlagða þyngd aukefna og fræs. Þegar um er að ræða nytjaplöntur sem eru ekki gæðaprófaðar með tilliti til nytjaræktunar skal bæta eftirfarandi upplýsingum við undir 11. tölul.: „Ekki ætlað til ræktunar á nytjajurtum“.

C. B-pakkning (2. gr.).

Vottuð sáðvara í blöndu.

1. „EES - B-pakkning“.

2. Fyrirtækjaheiti eða merki (lógó) fyrirtækis.
3. Heiti aðildarríkis eða skammstöfun þess og hugsanlega nafn eftirlitsfirvalds.
4. Númer framleiðslueiningar.
5. Síðasti söludagur.
6. „Fræblanda til notkunar....“
7. Nettó- eða brúttóþyngd.
8. Þyngdarhlutfall tegunda/stofna.
9. Spírunarhæfni tegunda/stofna.
10. Aðrar upplýsingar.

Athugasemdir:

1. Einungis þarf að gefa upplýsingar um síðasta söludag (sbr. 5. tölul.) þegar um er að ræða fræ sem er ræktað á Íslandi. Hafi síðasta söludegi verið breytt, skal upplýsa það og tilgreina nýja dagsetningu.
2. Nægilegt er að gefa upp merkingu fræblöndunnar í 8. tölul. að því tilskildu að kaupandi fái skriflegar upplýsingar um þyngdarhlutfallið og það sé skráð af aðfangaeftirlitinu.
3. Í 10. tölul. skal gefa upplýsingar um hugsanlega bæsun fræsins. Ef notuð eru kornuð varnarefni, húðunarefni eða önnur aukefni við meðhöndlun á fræinu skal gefa upp þyngd efnisins, þyngd fræsins og samanlagða þyngd aukefna og fræs.

D. C-pakkning (2. gr.).

Grundvallarfræ og stofnfræ.

1. „N-pakkning - C“.
2. „Grundvallarfræ“ eða „stofnfræ“.
3. Fyrirtækjaheiti eða merki (lógó) fyrirtækis.
4. Númer framleiðslueiningar.
5. Síðasti söludagur.
6. Tegund.
7. Stofn.
8. Nettó- eða brúttóþyngd.
9. „Einungis til ræktunar samkvæmt samningi á Íslandi“.
10. Spírunarhæfni.
11. Aðrar upplýsingar.

E. D-pakkning (2. gr.).

Vottuð sáðvara.

1. „N-pakkning - D“.
2. Fyrirtækjaheiti eða merki (lógó) fyrirtækis.
3. Númer framleiðslueiningar.
4. Síðasti söludagur.
5. Tegund.
6. Stofn.
7. Nettó- eða brúttóþyngd.
8. Spírunarhæfni.
9. „Einungis til sölu á Íslandi“.
10. Aðrar upplýsingar.

Athugasemdir:

1. Í 10. tölul. skal gefa upplýsingar um hugsanlega bæsun fræsins. Ef notuð eru kornuð varnarefni, húðunarefni eða önnur aukefni við meðhöndlun á fræinu skal gefa upp þyngd efnisins, þyngd fræsins og samanlagða þyngd aukefna og fræs.

F. D-pakkning (2. gr.).

Vottuð sáðvara í blöndu.

1. „N-pakkning - D“.
2. Fyrirtækjaheiti eða merki (lógó) fyrirtækis.
3. Númer framleiðslueiningar.
4. Síðasti söludagur.
5. „Fræblanda til notkunar“.
6. Nettó- eða brúttóþyngd.
7. Þyngdarhlutfall tegunda/stofna.
8. „Einungis til sölu á Íslandi“.
9. Spírunarhæfni tegunda/stofna.
10. Aðrar upplýsingar.

Athugasemdir:

1. Í 10. tölul. skal gefa upplýsingar um hugsanlega bæsun fræsins. Ef notuð eru kornuð varnarefni, húðunarefni eða önnur aukefni við meðhöndlun á fræinu skal gefa upp þyngd efnisins, þyngd fræsins og samanlagða þyngd aukefna og fræs.

III. HLUÐI

Merkingar á smápakkningum í garyrkjufræi.

A. Merkingar á smápakkningum með vottuðu fræi (2. gr.).

1. „EES-reglur og -kröfur“.
2. Fyrirtækjaheiti eða merki (lógó) og heimilisfang fyrirtækis.
3. Innsiglgunarár eða dagsetning síðustu prófunar á spírunarhæfni.
4. Tegund, grasafræðiheiti.
5. Stofn.
6. Flokkur „vottað“ eða „C“.
7. Framleiðslunúmer á upprunalegu framleiðslueiningunni.
8. Uppgefin nettóþyngd eða fjöldi fræja og brúttóþyngd má gefa upp.
9. Aðrar upplýsingar.

Athugasemdir:

1. Í 9. tölul. skal gefa upplýsingar um hugsanlega bæsun fræsins. Ef notuð eru kornuð varnarefni, húðunarefni eða önnur aukefni við meðhöndlun á fræinu skal gefa upp þyngd efnisins, þyngd fræsins og samanlagða þyngd.

B. Merking framleiðslueininga með stöðluðu fræi (2. gr.).

1. „EES-reglur og -kröfur“.
2. Fyrirtækjaheiti söluaðila eða merki (lógó) og heimilisfang fyrirtækis.

3. Innsíglunarár eða dagsetning síðustu prófunar á spírunarhæfni.
4. Tegund, grasafæðiheiti.
5. Stofn.
6. Flokkur „staðlað“ eða „S“.
7. Framleiðslunúmer.
8. Uppgefin nettóþyngd eða fjöldi fræja og brúttóþyngd má gefa upp.
9. Aðrar upplýsingar.

Athugasemdir:

1. Í 9. tölul. skal gefa upplýsingar um hugsanlega bæsun fræsins. Ef notuð eru kornuð varnarefni, húðunarefni eða önnur aukefni við meðhöndlun á fræinu skal gefa upp þyngd efnisins, þyngd fræsins og samanlagða þyngd.
2. Í pakkningum fyrir gulrætur og lauk sem eru ætlaðar til sölu á Íslandi skal alltaf tilgreina fjölda fræja í hverju grammi.

IV. HLUTI

E. Litur og stærð merkimiða í sáðvöru.

Flokkur	Litur	Stærð
P	Hvítur með fjólubláu skástriki	Lágmark 110 x 67 mm
B	Hvítur	"
C1	Blár	"
C2	Rauður	"
D	Brúnn	"
Stofnablöndur	Grænn	"
St	Dökkgulur	"
Fræ sem ekki hefur verið vottað endanlega	Grár	"

Vörulýsing:

Pakkning	Flokkur	Litur
A-pakkning		Grænn
B-pakkning	Hrein tegund úr flokki C1	Blár
	Hrein tegund úr flokki C2	Rauður
	Blöndur	Grænn
C- og D-pakkningar	B	Hvítur
	C1	Blár
	Blöndur	Grænn

V. HLUTI

Sérmerkingar (15. gr.).

a. Merking á sáðvöru til rannsókna:

Söluaðili skal sjá til þess að eftirfarandi upplýsingar komi fram á merkimiðanum:

1. Fyrirtækjaheiti eða merki (lógó) fyrirtækis.
2. Tegund.
3. Afbrigði.
4. „Einungis í vísindalegum tilgangi eða með kynbætur í huga“.
5. Aðrar upplýsingar.

b. Merking kynbótafræs:

Aðfangaeftirlitið sér til þess að kynbótafræ sem á að nota til ræktunar á grundvallarfræi sé merkt með orðunum „Kynbótafræ til fjölgunar“.

c. Merking á fræi til fjölgunar (garðyrkjufraeingöngu):

Flokkuðu fræi, nema vottuðu fræi og stöðluðu fræi, sem á að nota til fjölgunar, sbr. 5. gr., skulu fylgja eftirfarandi upplýsingar:

1. Nafn söluaðila.
2. Framleiðslunúmer.
3. Tegund.
4. Stofn.
5. Spírunarhæfni.
6. Flokkur.
7. Dagsetning innsíglunar.
8. „Einungis til fjölgunar“.

d. Skammtapakkingar og pakkingar með fræjum berja, ávaxta, skrúðgarðaplantna, kryddjurta og skrautjurta:

1. Nafn og heimilisfang söluaðila.
2. Síðasti söludagur.
3. Nettóþyngd hreinna fræja eða fjöldi fræja.
4. Tegund, íslenskt heiti.
5. Stofn/uppruni.
6. Spírunarhæfni, %.
7. Aðrar upplýsingar, t.d. ræktunarupplýsingar.

4. VIÐAUKI

MERKINGAR OG VOTTUN MEÐ TILLITI TIL OECD-KERFISINS (21.gr.).

1. Upplýsingar á OECD-vottorðinu:

1. „OECD-vottorð“.
2. Nafn opinbers eftirlitsaðila - land.
3. Tilvísunarnúmer framleiðslueiningar.
4. Tegund.

5. Stofn.
6. Fjöldi sekkja.
7. Þyngd.
8. Flokkur.

2. Upplýsingar á OECD-merkimiðanum:

1. „OECD-vottun“.
2. Nafn opinbers eftirlitsaðila - land.
3. Tegund.
4. Stofn.
5. Flokkur.
6. Tilvísunarnúmer framleiðslueiningar.
7. Vegna staðbundinna stofna: framleiðslusvæði.
8. Vegna grundvallarfræs: Fjöldi ættliða á undan C1.

3. Litur merkimiðans:

Flokkur	Litur
---------	-------

P	Hvítur með fjólubláu skástriki
B	Hvítur
C1	Blár
C2	Rauður

5. VIÐAUKI

OPINBERT FYLGISKJAL VIÐ SÖLU (INNFLUTNING/ÚTFLUTNING) Á FRÆI, SEM HEFUR VERIÐ FLOKKAÐ TIL BRÁÐABIRGÐA, TIL OPINBERRAR FLOKKUNAR Í ÖÐRU LANDI Á EES-SVÆÐINU.

Upplýsingar sem þurfa að koma fram í skjalinu:

1. Yfirvald sem gefur skjalið út.
2. Tegund, grasafræðiheiti ritað á latínu. Rita má heitið stytt, með hefðbundnum hætti eða hvorutveggja.
3. Stofn, gefinn upp með latínskum bókstöfum.
4. Flokkur.
5. Tilvísunarnúmer framleiðslueiningar þegar um er að ræða fræ sem á að nota sem útsæði og heiti flokkunarlands.
6. Tilvísunarnúmer framleiðslueiningar.
7. Stærð ræktunarsvæðis þar sem framleiðslueiningin sem skjalið tekur til var ræktuð.
8. Uppskerumagn og fjöldi pakkninga.
9. Upplýsingar um að flughafrar hafi ekki fundist í framleiðslueiningunni.
10. Niðurstöður bráðabirgðagreiningar, hafi hún farið fram.

6. VIÐAUKI

VIÐURKENNING LEIGUHREINSUNARSTÖÐVA FYRIR SÁÐKORN.

Aðfangaeftirlitið getur viðurkennt leiguhreinsunarstöðvar að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:

1. Kröfur um fagþekkingu.

Þess er krafist að fagmenntaður stjórnandi stöðvarinnar, eða minnst einn starfsmaður stöðvarinnar sem vinnur við hreinsun á sáðkorni, hafi próf frá sérskóla á sviði jarð- eða garðyrkju eða samsvarandi menntun, eða hafi að öðrum kosti nauðsynlega starfsreynslu af því að meðhöndla sáðkorn. Viðkomandi getur þurft að gangast undir próf til sönnunar því að hann/hún sé fær um að hreinsa sáðvörur.

2. Tæknibúnaður.

Eftirfarandi tæknibúnaður þarf að vera fyrir hendi:

- Eigið flutningskerfi innan stöðvar fyrir sáðvörumeðhöndlun, aðgreint frá mylluvörum.
- Hreinsivél með keröldum, þyngdarflokkunarbúnaði (loftstraumsflokkun), sigti og fræhreinsari.
- Bæsunarvél.
- Kornþurrkari.
- Löggiltar vogir.
- Góð vinnulýsing.

Afkastageta tæknibúnaðarins skal vera í réttu hlutfalli við þarfir einstakra hreinsunarstöðva. Tæknibúnaðurinn skal vera í góðu standi og vel nothæfur auk þess að vera skoðaður og viðurkenndur af aðfangaeftirlitinu.

Tæknibúnaðurinn (m.a. skóflufæribönd, færibönd og þurrkari) skal þannig gerður að hann hreinsist af sjálfu sér eða að auðvelt sé að hreinsa hann.

Minni hreinsunarstöðvar, sem hafa ekki fjárhagslegt bolmagn til að hafa eigið flutningskerfi innan stöðvar, geta sameinast um flutningskerfi fyrir sáðkorn og mylluvörur og fengið það viðurkennt. Þegar svo ber undir skal setja reglur um notkun búnaðarins sem tryggja hreinleika sáðvara.

Vegna flughafra skal hreinsa vélar og búnað við sáðvöruhreinsun þannig að flughafrafræ, sem kunna að vera til staðar, séu fjarlægð áður en fram fer hreinsun á sáðvöru frá öðrum framleiðanda.

3. Dagbókarfærsla og upplýsingaskylda.

Færa skal dagbók á hreinsunarstöðinni yfir framleiðslueiningar sem eru hreinsaðar með upplýsingum um eiganda, tegund, afbrigði, magn hrávöru og magn fullhreinsaðrar vöru.

Við lok tímabilsins skal árlega senda upplýsingar til aðfangaeftirlitsins fyrir 1. júlí yfir fjölda tonna af sáðvörum, sundurliðað eftir þeim tegundum sem hafa verið hreinsaðar á tímabilinu.

4. Spírunarsýni afhent.

Aðilar að rekstrinum skulu vera samvinnuþýðir og afhenda spírunarsýni af sáðvöru sem er hreinsuð í stöðinni.

Til að spírunarsýni komi að gagni verður það að vera dæmigert sýni.

Hægt er að panta poka undir sýni frá aðfangaeftirlitinu. Spírunarmælingar eru gerðar samkvæmt gildandi verðskrá.

5. Umsókn um viðurkenningu.

Umsókn um viðurkenningu sem leiguhreinsunarstöð fyrir sáðkorn ásamt upplýsingum um og vitnisburði vegna faglegs stjórnanda, auk staðfestingar á að viðkomandi stöð sé skráð í firmaskrá, er send til aðfangaeftirlitsins á þar til gerðu eyðublaði þegar henni er komið á fót og við síðari breytingar sem kunna að verða gerðar á skilyrðunum sem eru tilgreind í 1. og 2. lið.

Aðfangaeftirlitið viðurkennir leiguhreinsunarstöð fyrir sáðkorn með hliðsjón af kröfunum sem kveðið er á um í 1. og 2. lið.

FRÁVIK VIÐ EFTIRLIT Á UPPGEFNUM MÖRKUM.

Frávik fyrir hreint fræ, fræ annarra jurtategunda og spírunarhæfni.

Við eftirlit mega niðurstöður er varða hreint fræ og spírunarhlutfall ekki fara undir uppgefin mörk að frádregnum frávikum. Hvað varðar fræ af öðrum jurtategundum mega niðurstöður ekki fara yfir uppgefin mörk að viðbættum frávikum.

Hreint fræ

Uppgefin mörk %	Frávik
99,5 - 100,0	0,7
99,0 - 99,4	0,9
98,0 - 98,9	1,2
97,0 - 97,9	1,5
96,0 - 96,9	1,7
95,0 - 95,9	1,9
94,0 - 94,9	2,0
93,0 - 93,9	2,1
92,0 - 92,9	2,2
91,0 - 91,9	2,4
90,0 - 90,9	2,5
88,0 - 89,9	2,7
86,0 - 87,9	2,9
84,0 - 85,9	3,0
82,0 - 83,9	3,2
80,0 - 81,9	3,3
70,0 - 79,9	3,8
60,0 - 69,9	4,1
50,0 - 59,9	4,2

Fræ af öðrum tegundum jurta

Uppgefin mörk %	Frávik
0	0,2
0,1	0,3
0,2	0,4
0,3	0,5
0,4	0,6
0,5	0,6
0,6	0,7
0,7	0,7
0,8	0,8
0,9	0,9
1,0	1,0

Spírunarhæfni

Uppgefin mörk %	Frávik
97 – 100	3
94 – 96	4
91 – 93	5
87 – 90	6
82 – 86	7
76 – 81	8
70 – 75	9
60 – 69	10
50 – 59	11
25 – 49	12

7. VIÐAUKI**KRÖFUR VEGNA VIÐURKENNINGAR SÁÐVÖRUVERSLANA.**

Aðfangaeftirlitið viðurkennir sáðvöruverslanir sem versla með sáðvöru í flokkum A og B.

Flokkur A Viðurkenning til að flytja inn og selja fullhreinsaðar sáðvörur.

Flokkur B Til viðbótar við flokk A gildir viðurkenning einnig fyrir framleiðslu og sölu á vöru sem er undir opinberu eftirliti.

1. Krafa um fagþekkingu:

Flokkur A Eigi sáðvöruverslun að fá viðurkenningu til að flytja inn og selja sáðvöru verður umsækjandi að leggja fram gögn til staðfestingar á að verslunin sé skráð á Íslandi og stjórnandi hennar sé fagmenntaður og í fullu starfi.

Hinn fagmenntaði stjórnandi skal hafa próf frá sérskóla á sviði jarð- eða garðyrkju.

Hann þarf enn fremur að hafa einhverja starfsreynslu úr sáðvöruíðnaðinum eða af svipaðri starfsemi.

Flokkur B Eigi sáðvöruverslun að fá viðurkenningu til að rækta sáðvöru undir opinberu eftirliti, til viðbótar við innflutning og sölu, verður umsækjandi að færa sönnur á að verslunin hafi fagmenntaðan stjórnanda í fullu starfi.

Hinn fagmenntaði stjórnandi skal hafa æðri menntun á sviði landbúnaðar og minnst þriggja ára starfsreynslu úr sáðvöruíðnaðinum eða af svipaðri starfsemi.

2. Tæknibúnaður:

Afkastageta tæknibúnaðar skal vera í réttu hlutfalli við þá vinnslu sem fram fer á vegum viðkomandi verslunar á sáðvörunum.

Búnaður verslunarinnar til þurrkunar, hreinsunar, blöndunar, þökkunar, sýnatöku o.s.frv. skal vera skoðaður og viðurkenndur af aðfangaeftirlitinu.

3. Birgðageymsla:

Verslunin skal hafa yfir geymsluplássi að ráða sem hæfir og er nógu stórt fyrir það magn sáðvöru sem verslunin framleiðir og/eða selur.

Birgðageymslan skal skoðuð og viðurkennd af aðfangaeftirlitinu.

4. Vöruúrval:

Verslunin skal hafa upp á fjölbreytilegt vöruúrval að bjóða. Í þessu felst að boðið skal upp á úrval fleiri stofna af þeim tegundum sem verslunin hefur leyfi til að versla með.

5. Umsókn um viðurkenningu:

Umsókn um viðurkenningu fyrir sáðvöruverslun ásamt upplýsingum um og vitnisburði vegna faglegs stjórnanda, auk staðfestingar á að viðkomandi verslun sé skráð í firmaskrá, er send til aðfangaeftirlitsins á þar til gerðu eyðublaði þegar henni er komið á fót og við síðari breytingar sem kunna að verða gerðar á skilyrðunum sem eru tilgreind í 1. til 4. lið.

Aðfangaeftirlitið viðurkennir sáðvöruverslun með hliðsjón af kröfunum sem kveðið er á um í 1. til 4. lið.

8. VIÐAUKI**RÆKTUN SÁÐVÖRU UNDIR OPINBERU EFTIRLITI.****A. Ræktunarreglur.**

Ræktunarstaður.

Til að forðast hættu á víxlfrjóvgun getur aðfangaeftirlitið ákveðið á hvaða svæðum skuli rækta einstaka stofna samkvæmt samningum.

Almennar skyldur.

Frækrar sem eru ræktaðir skulu vera á landi sem er vel fallið til ræktunar og gera skal nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að varan óhreinist. Komið skal í veg fyrir illgresismyndun eins og kostur er við ræktunina. Myndist mikið illgresi sem erfitt er að stemma stigu við og hreinsa eða aðskilja eða illgresi sem torveldar allt eftirlit getur það leitt til þess að uppskerunni verði hafnað eða hún flokkuð í lægri flokka.

Sáningarvélar, uppskeruvélar, flutningsbúnað, þurrkunaraðstöðu og birgðageymslur skal þrifa fyrir notkun.

Hvað stórgert fræ korn- og grasttegunda varðar (korntegundir, hávingul, fódurfax, tágavingul og rýgresi) skal verktaki sjá til þess að strangt eftirlit vegna flughafra fari fram á fræðkrum, sem eru ræktaðir samkvæmt samningi, minnst einu sinni á vaxtartímanum. Eftirlitið skal fara fram eftir skrið og helst áður en opinber plöntuskoðun fer fram.

Leggja skal á fyrsta uppskeruári fram eignarhaldsvottorð lauslegan uppdrátt yfir rekstrareininguna með nauðsynlegu upplýsingum um frækra og fyrri plönturæktun. Hvað stórgert fræ gras- og korntegunda varðar skal leggja fram nýtt eignarhaldsvottorð árlega. Við plöntuskoðunina er æskilegt að framleiðandi eða staðgengill hans sé til staðar og sýni frækra sína og hugsanlega aðra akra.

Uppskeran fer fyrst fram að lokinni plöntuskoðun.

Fyrri plönturæktun.

Flokkur P.

Ekki má rækta sáðkorn í flokki P í jarðvegi þar sem á síðustu fimm árum hefur farið fram ræktun á öðrum stofni sömu tegundar. Vor- og haustafbrigði teljast vera af sömu tegund.

Flokkur P og B.

Ekki má rækta grasfræ í flokkum P og B í jarðvegi þar sem á síðustu fimm árum hefur farið fram ræktun á öðrum stofni sömu tegundar.

Ekki má rækta graslendisbelgjurtir í flokkum P og B í jarðvegi þar sem á síðustu sjö árum hefur farið fram ræktun á öðrum stofni sömu tegundar.

Ekki má rækta iðnaðarjurtir í flokkum P og B í jarðvegi þar sem á síðustu sex árum hefur farið fram ræktun á öðrum afbrigðum sömu tegundar.

Flokkur B og C1.

Ekki má rækta sáðkorn úr flokkum B og C1 í jarðvegi þar sem árið á undan hefur farið fram ræktun á öðrum stofni sömu tegundar. aðfangaeftirlitið getur útfært þessa kröfu frekar og látið hana ná yfir tvö ár vegna stofna sem erfitt er að aðgreina við plöntuskoðunina.

Flokkur C.

Ekki má rækta vottað fræ af gras- og graslendisbelgjurtum í jarðvegi þar sem á síðustu tveimur árum hefur farið fram ræktun á öðrum stofni sömu tegundar.

Ekki má rækta vottað fræ af iðnaðarjurtum í jarðvegi þar sem á síðustu sex árum hefur farið fram ræktun á öðrum afbrigðum sömu tegundar.

Flokkur C2 og D.

Rækta má sáðkorn úr flokkum C2 og D í jarðvegi þar sem árið á undan hefur farið fram ræktun á öðrum stofni sömu tegundar. Þegar um er að ræða stofn sem erfitt er að aðgreina við plöntuskoðunina getur aðfangaeftirlitið krafist þess að afbrigðin séu ekki ræktuð í jarðvegi þar sem árið á undan hefur farið fram ræktun á öðru afbrigði sömu tegundar.

Fjöldi stofna af sömu tegund.

Einungis er heimilt að rækta einn stofn af sömu tegund á rekstrareiningunni.

Á rekstrareiningum þar sem fram fara kynbætur og framleiðsla á grundvallarfræi er heimilt að rækta fleiri stofna af sömu tegund. Ræktunin verður að fara fram á þann hátt að ekki sé hætta á víxlfrjóvgun.

Önnur fræræktun.

Ekki er heimilt að stunda annars konar fræræktun á rekstrareiningunni en þá sem er undir opinberu eftirliti.

Fjarlægð á milli frækra.

Skýr afmörkun verður að vera á milli einstakra frækra, og á milli frækra og annarrar ræktunar sem getur skapað hættu á víxlfrjóvgun, þannig að frækrarnir séu verndaðir gegn blöndun og innbyrðis víxlfrjóvgun.

Fjöldi fræræktunarára.

Framleiðslueiningar fræs af fjölærum tegundum í flokki B og C má viðurkenna í allt að þrjú ræktunarár eftir endurræktarárið. Fræ af hálíngresi má viðurkenna í allt að fimm ræktunarár eftir endurræktarárið. Ef ræktunin er stunduð í einstök ár sem fódurrækt fyrir blómstrun koma þessi ár til viðbótar.

B. Tilkynning um ræktun.

Tilkynnt um framleiðslueiningar.

Verslanirnar skulu senda skrá til aðfangaeftirlitsins fyrir 20. apríl yfir þær framleiðslueiningar sem þær hyggjast nota.

Tilkynnt um frækra.

Verslanirnar skulu senda bráðabirgðatilkynningu til aðfangaeftirlitsins fyrir 1. mars ár hvert yfir þær framleiðslueiningar sem þær hyggjast nota ásamt yfirliti yfir þá frækra í hverri sýslu sem á að rækta það ár.

Verslanirnar skulu senda tilkynningu til aðfangaeftirlitsins fyrir 20. apríl ár hvert yfir framleiðslueiningar sem eru ræktaðar í öðrum löndum og um alla fyrirhugaða endurræktunarakra með stórgerðu grasfræi (hávingul, fódurfax, tágavingul og rýgresi) og korni.

Lokatilkynning um frækra sem eru háðir plöntuskoðun skal send til aðfangaeftirlitsins fyrir 1. júní ár hvert. Jafnframt skulu verslanirnar senda áfram eignarhaldsvottorð og lauslegan uppdrátt til aðfangaeftirlitsins. Við lokatilkynningu skulu verslanirnar veita upplýsingar um eftirfarandi:

- Nafn og heimilisfang verktaka, heiti býlis, sveitarfélags og sýslu.
- Tegundir og stofna sem á að rækta.

- c. Stærð frækurs í hekturum.
- d. Endurræktarár fyrir akurinn sem samningur gildir um.
- e. Fyrir sáðkorn, kílóafjölda afhentrar sáðvöru til fræræktar með upplýsingum um ættlið og númer á framleiðslueiningu.

Tilkynningu um nýja frækra skal senda til aðfangaeftirlitsins fyrir 1. september á endurræktarárinu. Um leið og tilkynning er lögð fram skal gefa upplýsingar um hve mörg kíló hafa verið afgreidd af fræi, númer framleiðslueininganna og ræktunarár.

C. Reglur um framkvæmd plöntuskoðunar og samanburðarræktunar.

Almennt um plöntuskoðunina.

Aðfangaeftirlitið skal sjá til þess að eftirlit sé haft á vaxtartímabilinu með öllum ökrum, sem tilkynnt hefur verið að eigi að rækta samkvæmt samningi, í samræmi við gildandi ákvæði. Markmiðið með plöntuskoðuninni er að ganga úr skugga um að unnt verði að nota uppskeruna sem sáðvöru.

Hvenær skoðun á að fara fram.

Plöntuskoðun á grasi skal fara fram á milli axmyndunar og axþroskunar á þeim tíma þegar unnt er að ganga úr skugga um hreinleika og einsleitni stofnsins og hvort sjúkdómar séu til staðar. Stefnt skal að því að ljúka plöntuskoðuninni svo fljótt að unnt sé, ef þess gerist þörf, að endurtaka skoðunina.

Skoðun belgjurta og iðnaðarjurta skal fara fram á meðan á blómstrun stendur. Hvað varðar tegundir, þar sem heppilegur tími til að ganga úr skugga um einsleitni stofnsins er of snemma til að unnt sé að sannreyna með vissu að flughafrar séu ekki til staðar, skal sérstakt flughafraeftirlit fara fram síðar.

Veðurskilyrði við plöntuskoðun.

Plöntuskoðun skal ekki fara fram við veðurskilyrði sem draga úr gildi skoðunarinnar. Ef skilyrði eru samt sem áður erfið skal það skráð á plöntuskoðunareyðublaðið.

Framkvæmd plöntuskoðunar.

Plöntuskoðunarmennirnir skulu sjá til þess að ræktunarreglum sé fylgt og þar að auki meðal annars rannsaka eftirfarandi:

- hvort hætta er á víxlfrjóvgun og hvort nauðsynleg fjarlægð frá öðrum stofni er í samræmi við kröfurnar í þætti A í þessum viðauka,
- hvort aðrir stofnar af sömu tegund eru ræktaðir á rekstrareiningunni,
- hvort stunduð er önnur fræræktun en samningur gildir um,
- fyrri plönturæktun,
- blöndun við aðrar tegundir,
- sjúkdóma og skordýraplágur,
- illgresisvöxt, einkum hvort um flughafra er að ræða í ökrum með stórgerðum frætegundum,
- halla eða aðrar aðstæður sem gera skoðunarmönnum erfitt fyrir.

Skoðunarmennirnir skulu kanna akurinn með kerfisbundnum hætti með því að skipta honum í spildur eða reiti. Einnig skal taka mið af halla og öðrum hugsanlegum aðstæðum sem geta minnkað yfirsýn.

Aðrir stofnar og afbrigði.

Ef skoðunarmennirnir eru í vafa um hvort kynblöndun hafi orðið við aðra tegund eða finni þeir afbrigði í slíku magni að til álita komi að hafna framleiðslueiningunni eða flokka hana í lægri gæðaflokka skal gera aðfangaeftirlitinu viðvart eins fljótt og hægt er.

Aðrar tegundir í frækrunum.

Íblöndun annarra tegunda í frækrunum skal metin með hliðsjón af útbreiðslu þeirra og mögulegum vandamálum við hreinsum fræs. Hvað rýgresi varðar skal meta sérstaklega hugsanlega blöndun við aðra rýgresisætt, sbr. gæðakröfumnar við plöntuskoðunina.

Þegar um er að ræða blöndun við aðra tegund hefur rannsóknarstofugreiningin á fullhreinsaðri sáðvöru úrslitaáhrif á flokkun framleiðslueiningarinnar, samanber þó framangreind ákvæði um rýgras.

Finnist flughafnar.

Fylgjast skal með frækrunum vegna flughafna. Hvað graslendisjurtir varðar er flughafraeftirlitið mikilvægast á endurræktarárinu og fyrsta fræræktunarárinu. Við plöntuskoðun skal ekki taka fyrir breiðari spildur en svo að hægt sé að greina hugsanlegar flughafraflöntur. Hafi rekstrareiningin fengið undanþágu frá forskriftum varðandi flughafra skal fylgjast sérstaklega vel með stöðum þar sem þeir hafa fundist áður.

Finni skoðunarmennirnir flughafra skal merkja fundarstaðinn og auðkenna hann þannig að auðvelt verði að finna hann aftur. Vara skal verktakann við og þarf hann að vera viðstaddur þegar plöntusýni er tekið ef mögulegt er. Ef verktakinn er ekki til staðar skulu tveir einstaklingar staðfesta fundinn. Senda skal sýnið til aðfangaeftirlitsins sem sker úr um hvort sýnið er flughafri eða ekki. Aðrar plöntur skal handhreinsa og brenna.

Komi í ljós að ekki er unnt að mæla með því að ræktunin verði viðurkennd sem sáðvara í neinum flokki skal tilgreina ástæðu þess á plöntuskoðunareyðublaðinu.

Samanburðarræktun.

Markmiðið með samanburðarræktuninni er að ganga úr skugga um einsleitni og hreinleika stofnsins og að kanna hvort sjúkdómar sem berast með fræjum eru til staðar.

Aðfangaeftirlitið skal sá sýnum til samanburðarræktunar á öllum framleiðslueiningum sem verða notaðar við samningsbundna ræktun. Bera má framleiðslueiningarnar sem er sáð út saman við viðmiðunarsýni.

Sem liður í slembiathugun má sá sýnum úr öðrum framleiðslueiningum af sáðvöru sem er undir opinberu eftirliti.

Senda skal verslununum skriflega tilkynningu um niðurstöður plöntuskoðunar og samanburðarræktunarinnar fyrir 15. september. Ef sérstakar ástæður liggja til getur aðfangaeftirlitið framlengt frestinn.

D. Gæðakröfur vegna plöntuskoðunar og samanburðarræktunar.***Plöntuskoðun:***

Allar tegundirRýgresi

Flokkur	Hámarksmagn annars stofns/afbrigðis --- plöntur á hektara	Hámarksmagn rýgresis af annarri tegund --- plöntur á hektara
P	330	200
B	330	200
C	1000	1000

Samanburðarræktun:

Flokkur	Hámarksmagn annars stofns / afbrigðis --- plöntur á reit (10 m ²)
P	1
B	1
C	2

Flokkur	Útsæði	Önnur tegund		Nakinn sótsveppur	
		Plöntuskoðun plöntur á hektara	Skoðunardagur hundraðshlutfall plantna	Plöntuskoðun plöntur á hektara	Skoðunardagur hundraðshlutfall plantna
P	F eða P	250	0,1	Engar kröfur *	
B	P	250	0,1	1000	0,05
C1	A.m.k. B	500	0,3	2000	0,1
C2	A.m.k. C1	500	0,3	2000	0,1
D	A.m.k. C1	1500	1,0	4000	1,0

* Hægt er að krefjast sveppameðhöndlunar.